# FRÉTTABLAÐIÐ

264. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 12. NÓVEMBER 2019




Blautur koss í votviðri. Tvær turtildúfur stungu saman nefjum við listaverkið Þúfu, útilistaverk Ólafar Nordal við Norðurgarð á Granda. Þúfan var reist árið 2013, er átta metra há og 26 metrar í þvermál. Hefur hún verið vinsæll staður hjá ferðamönnum sem leggja leið sína um hafnarsvæðið í Reykjavík enda nýtur hún sín vel frá öllum bökkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Tvær stefnur í Barkárdalsmáli

**Arngrímur Jóhannsson er sakaður um að hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi og að hafa með saknæmum hætti valdið dauða farþega síns í flugslysi í Barkárdal. Þetta segir í stefnu dóttur Kanadamanns sem fórst.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nú til meðferðar tvær stefnur á hendur Arngrími Jóhannssyni og Sjóvá vegna andláts Kanadamannsins Grants Wagstaff sem fórst er Arngrímur brotlenti sjóflugvél sinni í Barkárdal 9. ágúst 2015.

„Ég er mjög vongóð um að við fáum jákvæða niðurstöðu fyrir vorið eða að minnsta kosti áður en árið er úti,“ segir Sarah Wagstaff, dóttir Grants. Áður hefur komið fram að ekkja Grants, Roslyn Wagstaff, hefur einnig stefnt Arngrími og Sjóvá til greiðslu bóta.

Jón Páll Hilmarsson, lögmaður Söruh, segir í stefnunni að Arngrímur hafi gert alvarleg mistök sem meðal annars hafi falist í ofhleðslu vélarinnar og í ákvörðun flugleiðar í slæmum veðurskilyrðum. „Fráfall föður stefnanda er því bein afleiðing af þessari saknæmu og ólögmætu háttsemi stefnda, Arngríms,“ segir í stefnunni.



Eldur kom upp í vélinni sem brotlenti í Barkárdal. MYND/ÚR LÖGREGLUSKÝRSLU

Vitnað er til þess að samkvæmt veðurspá fyrir slysdaginn hafi verið ófært til sjónflugs norðanlands. Samt hafi Arngrímur ákveðið að fara í sjónflug yfir Tröllaskaga.

„Ábyrgur flugmaður hefði í þessu aðstæðum átt að ákveða strax flug út fyrir skagann í stað þess að reyna við flug yfir skagann.“

Segir lögmaðurinn að þótt það hafi verið stórfellt gáleysi eitt og sér að fljúga inn Barkárdalinn hafi það einnig verið stórfellt gáleysi að reyna að snúa vélinni við svo innarlega í dalnum.

„Góður og gegn flugmaður hefði alltaf átt að snúa við mun fyrr í stað þess að tefla öryggi vélarinnar og farþega í stórkostlega hættu með því að halda áfram inn dalinn í veikri von um að gat í skýjunum gæti myndast.“

Friðrik Smárason, lögmaður Arngríms Jóhannssonar, vill ekkert segja um málið að svo stöddu. **– gar,** **sjá síðu 6.**

## Þorsteinn segir RÚV hafa nálgast á falskan hátt

**VIÐSKIPTI** Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, segir fyrirtækið ekki hafa reynt að koma í veg fyrir sýningu fréttaskýringarþáttarins Kveiks sem sýndur verður í kvöld en harmar framgöngu RÚV. „Þeir reyndu að nálgast okkur á fölskum forsendum,“ segir hann. „Við teljum jafnframt að RÚV sé ekki að sinna hlutleysisskyldu sinni.“

Samherji gaf út yfirlýsingu í gær um fyrrverandi starfsmann í Namibíu sem myndi koma fram í þættinum og bera alvarlegar ásakanir á stjórnendur Samherja. Jafnframt var greint frá því að fyrirtækið hefði sent fyrrverandi rannsóknarlögreglumann til Namibíu árið 2016, að umræddum starfsmanni var sagt upp störfum og málið væri í rannsókn.

Þorsteinn segist hafa hugmyndir um hvað verði fjallað um en tjáir sig ekki um það að svo stöddu. Ekki heldur um möguleg viðbrögð. **– khg**




## Veður




Minnkandi A-átt, 10-18 m/s upp úr hádegi, hægari SV-lands. Hvessir með suðurströndinni seinnipartinn, 15-20 m/s um tíma, en lægir aftur í kvöld. Hiti 0 til 6 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 14

# Úrhellisrigning í Reykjavík



**Vaskir starfsmenn Reykjavíkurborgar gera við hringtorgið í Borgartúni. Mikið úrhelli var í gær á höfuðborgarsvæðinu eftir óveður daginn þar áður. Starfsmennirnir þurfa hins vegar ekki að örvænta þar sem betri veðurspá er í kortunum fram að helginni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.**

## Ekkert bólar á viðbrögðum vegna túlípana

**STJÓRNSÝSLA** Ekkert bólar á viðbrögðum atvinnuvegaráðuneytisins vegna erindis Félags atvinnurekenda um niðurfellingu tolla á túlípönum. Enga túlípana er að fá í landinu þar sem innlendir framleiðendur geta einungis boðið upp á þá frá desember til páska.

FA sendi ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara erindi í byrjun októbermánaðar um niðurfellingu tolla, en kveðið er á um hana í búvörulögum ef skortur er á vöru innanlands. Atvinnuvegaráðuneytið sagði fyrir tveimur vikum að það myndi svara erindinu, en ekkert svar hefur borist.

„Núna er staðan sú að rúmlega mánuði eftir að ráðuneytið fékk erindi vegna skorts hefur það enn ekki svarað. Í svona málum, þar sem það er skortur á vörum á markaði, þá þarf eðli málsins samkvæmt að bregðast hratt við,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.

„Við vonum náttúrlega að hér sé ekki um það að ræða sem ráðuneytið hefur stundum áður gert, að draga óþægileg mál á langinn og vona að þá komi innlend framleiðsla á markað þannig að það þurfi ekki að leyfa innflutning. Það er hins vegar nokkuð ljóst að lögjafinn ætlaði þessu kerfi ekki að virka þannig.“ **– ab**

## Hætti eftir tvær vikur í starfi

**HEILBRIGÐISMÁL** Ólafur Þór Ævarsson, framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann greindi frá því að hann hafi látið af störfum. Hann var ráðinn inn fyrir rúmum hálfum mánuði.

> **Vonir mínar um að geta við þessar aðstæður tekið þátt í að leiða starfsemina inn í framtíðina hafa dvínað.**
>
> Ólafur Þór Ævarsson

Ólafur segist ekki hafa verið þátttakandi í þeim deilum sem hafa risið á staðnum en þær hafi engu að síður valdið honum áhyggjum og gert honum erfitt að sinna starfi sínu. „Vonir mínar um að geta við þessar aðstæður tekið þátt í að leiða starfsemina inn í framtíðina hafa dvínað,“ sagði í tilkynningunni. **– ókp**




# Ísland kemur illa út

### Hlutfall þeirra sem sinna umönnun aðstandenda sinna er hærra hér á landi en í öðrum löndum Evrópu. Félagsfræðingur segir ástæðuna margþætta.

**VELFERÐARMÁL** „Ísland kom ekki vel út í skýrslunni og við erum sem sagt með hæsta hlutfall aðstandenda í umönnun í Evrópu,“ segir Kolbeinn H. Stefánsson félagsfræðingur.

Hann er einn þeirra sem flytja erindi á málþingi sem haldið er af Félagsráðgjafafélagi Íslands og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands á Grand Hóteli á morgun frá 3.30-10.30. Málþingið ber heitið Umönnunarábyrgð aðstandenda: Hlutverk án handrits og er ástæðan nýútkomin skýrsla Eurostat, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins, um umönnun.

Fréttablaðið greindi frá niðurstöðum skýrslunnar í síðasta mánuði en niðurstöður hennar sýna að hlutfall þeirra sem sinna umönnun óvinnufærra fjölskyldumeðlima sé mun hærra hér á landi en í öðrum löndum Evrópu. „Ef við horfum bara á umönnun veikra, aldraðra og fatlaðra skyldmenna þá er hlutfallið af fólki á vinnualdri sem er með slíka byrði mun hærra á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum,“ segir Kolbeinn.

„Ef við lítum á Norðurlöndin þá erum við með þrisvar sinnum hærra hlutfall en Finnland sem er næst á eftir okkur. Við erum með tæp tíu prósent og Finnar með um 3,3 prósent,“ bætir hann við.

Á málþinginu mun Kolbeinn flytja erindi þar sem hann fer yfir umönnunarbyrði Íslendinga samanborið við önnur lönd Evrópu og samspil vinnu og einkalífs þegar kemur að umönnun. Hann segir umönnun á Íslandi ekki hafa verið mikið rannsakaða en þrátt fyrir það séu ákveðnar hugmyndir um það hvers vegna Ísland skorar eins hátt í skýrslunni og raun ber vitni.

„Ísland er lítið og tiltölulega þéttriðið samfélag. Tengsl kynslóða eru mikil og mikill meirihluti landsins býr á suðvesturhorninu svo fjarlægðir eru ekki stórt vandamál. En í



**Kolbeinn flytur erindi á málþinginu á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Er hlutfallið af fólki á vinnualdri sem er með slíka byrði mun hærra á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum**
>
> Kolbeinn H. Stefánsson félagsfræðingur

mörgum Evrópulöndum getur verið að fólk búi fjarri ættingjum og geti bara lítið gert,“ segir Kolbeinn.

„Svo er það hitt sem skiptir máli og það er sú umönnunarþjónusta sem veitt er. Þessi niðurstaða gæti bent til þess að ónógt framboð sé af nægilega góðum umönnunarúrræðum á viðráðanlegum kjörum,“ segir hann.

Kolbeinn bendir einnig á að sterk fjölskyldutengsl Íslendinga og sú menning sem hér ríkir geti haft áhrif. „Ég get ekki útilokað það að þetta sé sterkt í menningunni hjá okkur líka, ég held að þetta spili svolítið saman og það getur verið erfitt að átta sig á því hvort kemur á undan. Hvort það sé sterk menning fyrir þessu og þess vegna höfum við ekki þróað þessi úrræði nægilega vel eða hvort menningin hafi mótast svona af því að úrræðin voru ófullnægjandi,“ segir Kolbeinn að lokum. **birnadrofn@frettabladid.is**




**Við bjóðum viðskiptavini Honda hjartanlega velkomna í Öskju**

Ánægja og tryggð viðskiptavina er okkur mikilvæg og leggjum við áherslu á að Honda eigendur fái góða þjónustu.

Honda hefur nú eignast nýtt heimili hjá Öskju þar sem reyndir starfsmenn taka á móti þér. Sýningarsalur er á Fosshálsi 1 en þjónusta á Krókhálsi 11 þar sem Askja er til húsa. Honda býðst nú með 5 ára ábyrgð.

Komdu í Öskju. Við hlökkum til að sjá þig.




ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/hondaisland


FRÉTTABLAÐIÐ
Framkvæmdi legnám og ófrjósemisaðgerðir á konur án þeirra samþykkis

## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Framkvæmdi legnám og ófrjósemisaðgerðir á konum án þeirra samþykkis.** Þegar kvensjúkdómalæknirinn Javaid Perwaiz var handtekinn var hann tengdur tveimur heilsugæslustöðvum í Virginíu.

**2 Katrín Björk: „Ég hef óbilandi trú á að þetta lyf geti hjálpað mörgum“.** Katrín Björk Guðjónsdóttir fékk tvö heilablóðföll og blóðtappa með stuttu millibili.

**3 Var með kókaín í dós á skemmtistað.** Lögreglan á Suðurnesjum handtók karlmann á skemmtistað í fyrrinótt.

**4 Þrettán ára Broadway stjarna lést eftir astmakast.** Laurel Griggs öðlaðist frægð fyrir þátttöku sína í söngleiknum ONCE á Broadway.

**5 Helfararfórnarlamb fær 200 hótanir á dag og nýtur lögregluverndar.** Hin 89 ára gamla Liliana Segre var þrettán ára gömul send til Auschwitz útrýmingarbúðanna.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Útflutningur eykst frá í fyrra

**VIÐSKIPTI** Áætlað er að vöru- og þjónustujöfnuður verði jákvæður um 91,5 milljarða króna fyrstu átta mánuði yfirstandandi árs. Er það nokkru jákvæðari niðurstaða en á sama tímabili í fyrra, en þá reyndist hann nema tæplega 61 milljarði króna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofunni

Þannig er gengið út frá því að verðmæti útflutnings vöru- og þjónustuviðskipta hafi numið um 895 milljörðum króna fyrstu átta mánuði ársins en sú stærð var tæplega 864 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra.

Verðmæti innflutnings fyrstu átta mánuði þessa árs er talið nema tæplega 804 milljörðum króna sem er nær sama fjárhæð og verðmæti innflutnings á sama tímabili í fyrra. **– jþ**

# Boðað til mótmæla í Grafarvogi vegna lokunar skóla

**REYKJAVÍK** Foreldrar barna í Kelduskóla Korpu efna til mótmæla í dag. Síðdegis fer fram atkvæðagreiðsla í skóla- og frístundaráði um tillögu meirihlutans um að loka skólanum. Með henni munu börn í Víkurhverfi fara í aðra skóla í nálægu hverfi. Milli kl. 7.45 og 8.30 hyggjast foreldrarnir tefja umferð úr Víkurhverfi yfir í Grafarvog. Snýst gagnrýni foreldranna að hluta um samgöngur, sem borgaryfirvöld hafa heitið að bæta.

„Með þessu erum við að sýna hvernig umferðin verður þegar við þurfum við keyra börnin í skólann úr hverfinu,“ segir Sævar Reykjalín, formaður foreldrafélagsins. Nemendur eru heldur ekki sáttir við lokunina. Í bréfi til borgarstjóra frá nemendum í 7. bekk skólans, sem dagsett er í gær, segir að ekki sé sanngjarnt að loka skólanum vegna þess hve fá börnin eru.

Sófus Máni Bender sat fundi skólaráðs fyrir hönd nemenda á síðasta skólaári þar sem ræddar voru hugmyndir um lokunina. Ekkert samráð hafi verið haft við nemendur.

„Það var lítið talað við nemendur þrátt fyrir stefnu borgarinnar að hlusta á okkar raddir.“ segir Sófus Máni. Hann hefur áhyggjur af stöðunni og hvetur borgaryfirvöld til að endurskoða afstöðuna. „Krakkarnir í Staðahverfi eru búnir að skapa sér stöðu, öryggi og þægindi í hverfisskólanum. Með því að flytja þau í aðra skóla er verið að kalla fram kvíða og skapa þeim óöryggi.“ **– ab**

> **Það var lítið talað við nemendur þrátt fyrir stefnu borgarinnar að hlusta á okkar raddir.**
>
> Sófus Máni Bender, fyrrverandi formaður Nemendafélags Kelduskóla



## Aukinn agi með auknum fyrirsjáanleika



Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar, er upptekinn af stóru myndinni og samhengi fjármálastefnu og fjárlagafrumvarps.

„Mér finnst mikilvægast að sjá að fjármálastefnan er í raun hönnuð til þess að veita viðspyrnu í hagkerfinu og það reyndist farsælt að breyta stefnunni og teikna inn óvissusvigrúm. Þannig er hægt að mæta hjaðnandi hagvexti og gefa eftir afkomu ríkissjóðs og það er það sem við erum að sjá raungerast núna,“ segir Willum.

Hann er líka með hugann við ferlið sem lög um opinber fjármál mæla fyrir um þar sem stóra myndin er dregin upp í ríkisfjármálaáætlun að vori og leggur línurnar. „Þannig að frávikin eru ekki mikil og umfang breytinga milli umræðna orðið minna en áður var. Það eru helst breytingar sem tengjast hagspánni.“

Willum segir aukinn aga fylgja auknum fyrirsjáanleika. „Jákvæð birtingarmynd þessa, vil ég meina, er að peningamálastefna og fjármálastefna vinna nú í takt og í samhengi við kjarasamninga og vinnumarkað.“

> **Þannig að frávikin eru ekki mikil og umfang breytinga milli umræðna orðið minna en áður var. Það eru helst breytingar sem tengjast hagspánni.**



# Herjólfur fái 100 milljónir

**Fallið er frá áformum um 2,5 milljarða skattlagningu á ferðaþjónustuna og urðunarskattur ekki á dagskrá fyrr en innheimta hans hefur verið útfærð.**

**STJÓRNMÁL** Fjölmargar breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga voru lagðar fram í gær. Önnur umræða um fjárlög er á dagskrá Alþingis í dag. Fyrsta umræða fór fram tólfta og þrettánda september síðastliðinn og gekk frumvarpið til fjárlaganefndar í framhaldinu.

Í tillögum meirihluta fjárlaganefndar er meðal annars fallið frá áformum um 2,5 milljarða skattlagningu á ferðaþjónustu. Þá er ekki gert ráð fyrir urðunarskatti að sinni meðan unnið er að útfærslu innheimtunnar.

Aðrar tekjur lækka um fjóra milljarða og vegur þar þyngst 2,1 milljarðs lækkun veiðigjalda, en þau miðast við rekstrarafkomu útgerðarinnar árið 2018.

Til lækkunar vegur mest endurmat á framkvæmdaáætlun nýs Landspítala og lagt til að framlag lækki um 3,5 milljarða.

Meðal einstakra liða er lagt til 100 milljóna framlag til að halda gamla Herjólfi haffærum. Þá er lagt til að lagðar verði fram 350 milljónir til viðbótar til eflingar stafrænni þjónustu. Þjóðkirkjunni er ætluð viðbót sem nemur 246 milljónum króna á næsta ári.

Þá er framlag til umhverfismála hækkað um 137 milljónir. Framlag til löggæslu er í tillögunni hækkað um 81,4 milljónir á næsta ári. **– jþ**

## Skammsýni og brostin loforð



„Fjárlagafrumvarpið einkennist af skammsýni og brostnum loforðum,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, og telur umræðuna í þinginu á morgun hljóta að litast af því.

„Framhaldsskólar fá niðurskurð, háskólarnir standa í stað, öryrkjar og aldraðir eru enn eitt árið skildir eftir, kvikmyndagerðin og rannsóknarsjóðir fá högg, umhverfismálin fá eingöngu tvö prósent af fjárlögum, Landspítalinn er látinn ganga í gegnum aðhaldsaðgerðir á sama tíma og veiðileyfagjöldin lækka,“ segir Ágúst Ólafur og lætur þess getið að Samfylkingin muni kynna sínar breytingartillögur og hugmyndir á blaðamannafundi fyrir hádegi í dag.

## Ágiskun enn eitt árið



„Afgreiðsla fjárlaga er enn eitt árið ágiskun um fjárheimildir. Vinna fjárlaganefndar þangað til ríkisstjórnin kemur með breytingatillögur er tiltölulega gagnslaus og umsagnaraðilar geta ekki gert athugasemdir við þær breytingar,“ segir Björn Leví Gunnarsson, fulltrúi Pírata í fjárlaganefnd.

Björn telur óþarft fyrir fjárlaganefnd að hittast fyrr en eftir að breytingartillögur ríkisstjórnarinnar við eigið frumvarp koma fram í nóvember hvert ár.

Sjálfur segist Björn munu dvelja við „gríðarlega vandræðalegt“ viðbótarsamkomulag ríkisstjórnarinnar vegna kirkjujarðasamkomulagsins í umræðunum í dag. „Mörg atriði í þeim samningi ganga beinlínis gegn lögum um opinber fjármál og spyrja verður stórra spurninga um hvernig það getur gerst.“



NÝR DISCOVERY SPORT M-HYBRID

# UPPGÖTVAÐU HRÍFANDI NÝJUNGAR

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND

landrover.is




ENNEMM / SÍA / NM96753

## DÍSIL HYBRID VÉLATÆKNI, NÝTT ÚTLIT OG INNRÉTTING

Land Rover kynnir nýjan Discovery Sport með blandaðri dísil hybrid vélatækni. Nýr Discovery Sport er einn glæsilegasti millistærðarjeppi sem völ er á. Nýtt útlit minnir á stóra bróður, sjálfan Discovery, og innréttingin er öll með glæsilegasta móti.
Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.



**Land Rover Discovery Sport, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.**
**Verð frá: 6.890.000 kr.**

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

# Flugmannsdóttir stefnir líka Arngrími

**Lögmaður dóttur Grants Wagstaff sem fórst í flugslysi í Barkárdal sumarið 2015 segir andlát hans mega rekja til stórfellds gáleysis flugmannsins Arngríms Jóhannssonar. Krefst dóttirin 12 milljóna króna miskabóta frá Arngrími og tryggingafélagi hans, Sjóvá.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nú til meðferðar tvær stefnur á á hendur Arngrími Jóhannssyni og Sjóvá vegna andláts Kanadamannsins Grants Wagstaff sem fórst er Arngrímur brotlenti sjóflugvél sinni í Barkárdal inn af Eyjafirði 9. ágúst 2015.

Arngrímur flaug flugvélinni og var ferðinni heitið til Keflavíkur. Þaðan átti að fljúga vélinni til Norður-Ameríku og selja hana. Grant var ráðinn sem ferjuflugmaður.

Dóttir Grants, Sarah Wagstaff, kveðst ánægð með að stefna hennar hafi verið þingfest og sé því komin fyrir dómstóla. Áður hefur komið fram að ekkja Grants, Roslyn Wagstaff, hefur einnig stefnt Arngrími og Sjóvá til greiðslu bóta vegna slyssins. Það mál er sömuleiðis til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur en flutt af öðrum lögmanni.

„Eftir að hafa lesið stefnuna fann ég fyrir miklum létti og finnst atriðin sem þar eru dregin fram varðandi hvernig slysdagurinn þróaðist vera nákvæm og ég treysti lögmanni mínum til að lýsa slysinu á réttan hátt frá sjónarhóli mínum og föður míns. Ég er mjög vongóð um að við fáum jákvæða niðurstöðu fyrir vorið eða að minnsta kosti áður en árið er úti,“ segir Sarah.

Fréttablaðið hefur áður sagt frá því að höfnun tryggingafélagsins Sjóvár á því að borga fjölskyldu Grants bætur byggir á þeirri skilgreiningu Rannsóknarnefndar flugslysa að Grant hafi í umræddu flugi verið svokallaður Pilot Not Flying (flugmaður sem ekki er að fljúga). Því hafi hann falist í ofhleðslu vélarinnar og ekki hafi verið gert ráð fyrir nema einum flugmanni í tryggingarskírteininu. Einnig væri vafi á því að slysið mætti rekja til saknæmrar háttsemi.

Jón Páll Hilmarsson, lögmaður Söruh, segir hins vegar óumdeilt að Arngrímur hafi séð um skipulag flugsins og flogið vélinni og að Grant hafi verið farþegi. „Breytir þar engu um þótt faðir stefnanda [Söruh] hafi



**Frá slysstað í Barkárdal þar sem Grant Wagstaff lét lífið eftir brotlendingu 9. ágúst 2015.**



**Roslyn Wagstaff.**



**Sarah Wagstaff.**

sjálfur verið reyndur flugmaður og rætt við Arngrím um flugið, en það gerir hann ekki sjálfkrafa hluta af áhöfn vélarinnar,“ segir í stefnunni.

Kveðst lögmaðurinn í stefnunni í fyrsta lagi byggja á því að Arngrímur hafi gert alvarleg mistök við undirbúning flugsins. Það hafi leitt til brotlendingarinnar. Mistökin hafi falist í ofhleðslu vélarinnar og í þyngdar- og jafnvægisútreikningum auk mistaka í ákvörðun flugleiðar í slæmum veðurskilyrðum. Segir hann að Arngrím hefði átt að gruna að ekki væri allt með felldu í ljósi þess að sá tími sem tók vélina að komast í flughæð hafi verið óvenju langur.

„Þarna hefði Arngrímur átt að bregðast strax við með því að fljúga til baka inn yfir Eyjafjörð í stað þess að halda áfram för inn þrönga og illfæra dali á Tröllaskaga,“ segir í stefnunni. Þannig hafi mátt afstýra slysinu. „Fráfall föður stefnanda er því bein afleiðing af þessari saknæmu og ólögmætu háttsemi stefnda, Arngríms.“

Þá er vitnað til veðurspár Veðurstofu Íslands sem Arngrímur hafi kynnt sér fyrir flugið. Þar hefði komið fram að að ófært væri til sjónflugs norðan og austan til á landinu. Samt hafi Arngrímur ákveðið að fara í sjónflug yfir Tröllaskaga. „Ábyrgur flugmaður hefði í þessum aðstæðum átt að ákveða strax flug út fyrir skagann í stað þess að reyna við flug yfir skagann.“

Segir Jón Páll að Arngrímur hafi sýnt stórfellt gáleysi með því að taka skyndilega ákvörðun um að fljúga inn þröngan og brattan Barkárdal með ofhlaðna flugvél í þeim veðurskilyrðum sem þá voru. „Arngrímur þekkir vel til aðstæðna þarna og hefði því átt að blasa við honum, bæði eftir að hafa skoðað veðurspána og eftir að hafa reynt við flug yfir Öxnadalsheiðina og svo Hörgárdalinn, að ekki var hægt að fljúga yfir Barkárdalinn þennan dag.“

Vísað er í stefnunni til skýrslu rannsóknarnefndarinnar um að hugsanlega hafi of mikið sjálfstraust og trú á eigin getu leikið stóran þátt. Arngrímur hafi verið fastur í þeirri hugsun að fljúga yfir Tröllaskaga en ekki út fyrir skagann eins og flugáætlun gerði ráð fyrir.

Segir lögmaðurinn að þótt það

> **Góður og gegn flugmaður hefði alltaf átt að snúa við mun fyrr í stað þess að tefla öryggi vélarinnar og farþega í stórkostlega hættu með því að halda áfram inn dalinn í veikri von um gat í skýjunum gæti myndast.**
>
> Úr stefnu lögmanns Söruh Wagstaff

hafi verið stórfellt gáleysi eitt og sér að fljúga inn Barkárdalinn hafi það einnig verið stórfellt gáleysi að reyna að snúa vélinni við svo innarlega í dalnum. „Góður og gegn flugmaður hefði alltaf átt að snúa við mun fyrr í stað þess að tefla öryggi vélarinnar og farþega í stórkostlega hættu með því að halda áfram inn dalinn í veikri von um að gat í skýjunum gæti myndast.“

Ofan á þetta segir lögmaðurinn að gerð hafi verið alvarlega mistök við framkvæmd á sjálfri beygjunni með því að Arngrímur hafi lækkað hraðann undir 60 mílur því þá hafi í raun verið ómögulegt að framkvæma beygjuna. „Skal sá sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns greiða börnum þess látna miskabætur,“ vitnar lögmaðurinn til skaðabótalaga.

Hin tvö börn þeirra Roslyn og Grants munu einnig vera með málsókn í undirbúningi en vera mislangt komin á veg með þau mál. Roslyn hefur fengið gjafsókn frá íslenska ríkinu vegna málarekstursins og kveðst Sarah einnig hafa sótt um slíka aðstoð og bíði nú niðurstöðu hvað það varðar.

Friðrik Smárason, lögmaður Arngríms Jóhannssonar, segist ekkert vilja segja um þessi mál á þessu stigi.

gar@frettabladid.is



**Frú Vigdís Finnbogadóttir með fríðu föruneyti við athöfnina á Akureyri.**

## Vigdís heiðursdoktor við Háskólann á Akureyri

**MENNTAMÁL** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann á Akureyri á föstudag.

Í ávarpi sínu á málþingi háskólans sem haldið var af þessu tilefni, sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra að Vigdís hafi orðið fyrirmynd heillar kynslóðar, karla og kvenna. Jafnframt kom fram í máli Katrínar að hún hafi haft víðtæk áhrif á sviði umhverfis- og jafnréttismála, og á menningarlega fjölbreytni hér á landi. „Og ég veit það sjálf að Vigdís hefur verið mín fyrirmynd því ég veit að þó ferill hennar hafi verið farsæll, mátti hún oft mæta mótvindi og gerði það alltaf

> **Ég veit að þó ferill hennar hafi verið farsæll, mátti hún oft mæta mótvindi og gerði það alltaf af reisn.**
>
> Katrín Jakobsdóttir

af reisn,“ sagði Katrín enn fremur. Þetta kom fram á frettabladid.is.

„Ég hef nefnt þetta stutta erindi „Fyrirmynd heillar kynslóðar“. Það er ansi mikið sagt en þó ekki ofsagt. Áhrif Vigdísar Finnbogadóttur á íslenskt samfélag og sérstaklega Íslendinga sem ólust upp á árunum 1980-1996 verða varla ofmetin.“ – jþ

## Stórauknar byggingarheimildir verða veittar með nýju hverfaskipulagi

**REYKJAVÍK** Fyrsta hverfaskipulag Reykjavíkurborgar, eða hverfasjá, er tilbúið til notkunar, fyrir þrjú hverfi Árbæjar: Árbæ, Selás og Ártúnsholt. Í þessum hverfum verða veittar heimildir fyrir stækkun húsa, bæði fjölbýlishúsa og sérbýla, eða sem nemur 1.500 nýjum íbúðum.

Í mörgum blokkum fá húsfélög heimild til þess að byggja hæð ofan á gegn því að koma fyrir lyftum til að bæta aðgengið. Eigendur einbýlishúsa fá heimild til þess að bæta 40 fermetrum við húsið, en auk þess hafa margir eigendur ekki fullnýtt heimildir samkvæmt eldra deiliskipulagi. Þá verður leitast við að eigendur íbúða sem hafa ósamþykktar breytingar fái þær samþykktar. Allar upplýsingar verða fáanlegar á nýrri vefsíðu, hverfisskipulag.is, en þar er einnig hægt að sækja um byggingarleyfi.

„Þegar heimildirnar eru til staðar þá er búið að einfalda ferlið mikið, eitthvað sem tók marga mánuði áður. Þetta léttir einnig mikið á stjórnsýslunni,“ segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs.

Sigurborg segir spennandi að sjá hvernig nýtingin verður. „Þetta eru aðeins fyrstu hverfin. Ég hef trú á því að þetta gerist yfir langan tíma og að íbúar nýti þetta þegar þeim hentar.“



**Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs, segir nýtt hverfaskipulag einfalda leyfisveitingaferlið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Sum húsfélög fá heimild til að byggja aukahæð og eigendur sérbýlishúsa fá 40 fermetra viðbótarheimild.**

Auk þess er takmarkið að gera hverfin sjálfbærari og sterkari samkvæmt Sigurborgu, en þarfir íbúanna eru mismunandi eftir hverfum. „Sums staðar þarf að bæta úrgangslausnir, grenndarstöðvar, gera stæði fyrir deilibíla og fleira,“ segir hún. Hverfasjáin verður opnuð með formlegum hætti í þjónustuveri Reykjavíkurborgar á föstudaginn klukkan 11.30. Hverfaskipulag fyrir Breiðholtið og Hlíðarnar koma á næsta ári. – kh

# FYRIR FÓLK

## á ferðinni




**Hentugt millimál**
Ísey skyr fæst nú í nýjum hentugum umbúðum til að grípa með sér á ferðinni, eftir æfingu eða sem nesti fyrir fólk á öllum aldri.

LAKTÓSA LAUST

**Iseyskyr.is**

# Ekki sjálfgefið



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Einn helsti fyrirboði jólanna birtist í síðustu viku þegar rafræn útgáfa Bókatíðinda leit dagsins ljós. Þar er að finna jákvæðar vísbendingar um að íslenskir bókaútgefendur séu hvergi af baki dottnir þrátt fyrir minnkandi bókasölu á síðustu árum. Það er sérstakt fagnaðarefni að skáldverkum fyrir börn fjölgar um 47 prósent milli ára og í flokki ungmennabókmennta er fjölgunin 39 prósent milli ára.

Stjórnvöld réðust á síðasta ári í aðgerðir til að styrkja stöðu íslenskrar tungu. Meðal annars voru afgreidd lög frá Alþingi um endurgreiðslu hluta kostnaðar við útgáfu bóka á íslensku. Er þar gert ráð fyrir um 400 milljóna króna stuðningi árlega. Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu höfðu 150 umsóknir um endurgreiðslu borist vegna bókaútgáfu á fyrri hluta ársins.

Lestur er lykilþáttur í varðveislu tungumálsins en því miður hafa rannsóknir staðfest að lestrarkunnátta og lesskilningur íslenskra barna er minni en gerist í nágrannalöndunum. OECD gerði þetta til að mynda að umræðuefni í nýlegri skýrslu um íslensk efnahagsmál. Þar var lagt til að lestur yrði lengur kjarnafag í grunnskólum.

Besta leiðin til að bæta og auka lestur íslenskra barna er að tryggja aðgengi þeirra að bókum. Við erum heppin að eiga marga frábæra höfunda barnabóka þannig að öll börn ættu að geta fundið eitthvað sem hæfir þeirra áhugasviði. Foreldrar gegna auðvitað gríðarlega mikilvægu uppeldishlutverki þegar kemur að lestri. Börn sem alast upp við það að lesið sé fyrir þau reglulega öðlast betri skilning og tilfinningu fyrir tungumálinu en þau sem ekki er lesið fyrir.

Degi íslenskrar tungu verður fagnað næstkomandi laugardag. Í fyrra var Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði, heiðraður á þessum degi. Eiríkur hefur verið óþreytandi við að benda á þær hættur sem íslenskan stendur frammi fyrir. Í fullveldisávarpi sem hann hélt fyrir tæpum tveimur árum benti hann á að það væri hreint ekki sjálfgefið að svo fámenn þjóð eigi sér sjálfstætt tungumál sem sé notað á öllum sviðum þjóðlífsins. Það er auðvitað ekki sjálfgefið og heldur ekki að hér sé blómleg útgáfa bóka á íslensku.

Eiríkur sagði einnig að ef íslenskan breyttist mikið eða hætti að vera lifandi tungumál „missum við ekki bara bein tengsl við Völuspá og Njálu, heldur líka við Íslenskan aðal og Íslandsklukkuna, Engla alheimsins og Kaldaljós, og meira að segja Arnald og Yrsu“. Það er undir okkur öllum komið að tryggja að svo verði ekki. Aðgerðir stjórnvalda munu aldrei duga einar sér til að tryggja framtíð íslenskunnar heldur þarf allt samfélagið að leggja sitt af mörkum. Góð byrjun væri að lesa meira fyrir börn og halda að þeim góðum bókum.

**Börn sem alast upp við það að lesið sé fyrir þau reglulega öðlast betri skilning og tilfinningu fyrir tungumálinu en þau sem ekki er lesið fyrir.**

## K371 sófi
Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Duglegur strákur**

**Í Silfrinu á sunnudag var rætt um nýja auglýsingaherferð Miðflokksins þar sem flokkurinn leitar eftir sögum af bákninu. Flestir sjá að þetta er bragð til þess að æsa upp fólk gegn stjórnkerfinu og elítunni og beint að óánægðum Sjálfstæðismönnum. Foringinn sjálfur var mættur til þess að svara fyrir þetta. Athyglisvert var hins vegar að sjá hvernig þeir sem sátu við borðið með honum, fólk bæði af hægri og vinstri vængnum, brást við þessu. Það er að segja vel. Sigmundi var klappað á kollinn og honum hrósað. „Duglegur strákur,“ „Flott hjá þér.“ Líkt og hann væri barn að sýna foreldrum mynd sem hann málaði í skólanum. Sjálfsagt er fólk búið að átta sig á því að það gagnast ekkert að æsa sig yfir útspilum Miðflokksins.**

**3.000 yfirvinnutímar**

**Talandi um sögur úr bákninu, tilgangslausan þvæling í kerfinu, þá kemur á daginn að Íslandsmet téðs Miðflokks í málþófi hafi kostað þjóðarbúið 40 milljónir króna. Var það vegna mikillar viðveru starfsfólks þingsins í vor, alls 3.000 yfirvinnutíma. Er þá ótalinn óbeinn kostnaður Alþingis, svo sem áfalla- og sálfræðiþjónusta sem starfsfólk gæti þurft að leita sér. Áfallastreituröskun vegna stórslysa getur gert vart við sig áratugum síðar. kristinnhaukur@frettabladid.is**

# Tap ár eftir ár



Freyr Frostason
stjórnarformaður Íslenska náttúruverndarsjóðsins IWF

Arnarlax heldur á þessu ári upp á tíu ára afmæli sitt. Eitt það athyglisverðasta í sögu þessa stærsta sjókvíaeldisfyrirtækis landsins er að það hefur aldrei frá stofnun greitt tekjuskatt á Íslandi. Ekki í eitt einasta skipti. Ár eftir ár er félagið rekið með tapi. Í fyrra nam tapið 2,2 milljörðum króna, árið 2017 var tapið 405 milljónir og 2016 var það 1,9 milljarðar króna.

Samtals hefur félagið því tapað hátt í fimm milljörðum króna undanfarin þrjú rekstrarár.

Talsmenn sjókvíaeldisfyrirtækjanna hér á landi hafa verið duglegir við að ræða útflutningsverðmæti afurðanna. Þeir hafa hins vegar ekki viljað ræða hina hliðina, hvað kostar að búa til þessar útflutningstekjur og hversu mikið verður eftir á Íslandi þegar upp er staðið.

Þannig hafa þeir ekki nefnt einu orði þetta hrikalega tap sem er af þessum rekstri. Hvernig getur þetta gengið?

Í því samhengi er forvitnilegt að skoða eignarhald sjókvíaeldisfyrirtækjanna sem eru með starfsemi hér. Eigendur þeirra eru að langstærstum hluta norsk félög og önnur félög utan íslenskrar skattalögsögu. Þessi félög hafa í hendi sér að selja dótturfélögum sínum á Íslandi fóður, búnað og ýmsa sérfræðiþjónustu dýrum dómum, auk þess sem þau veita félögunum ýmsa lánafyrirgreiðslu. Þessir fjármunir fara allir úr landi.

Annað forvitnilegt sem má lesa út úr ársreikningi Arnarlax er að launagreiðslur og launatengd gjöld lækkuðu um 200 milljónir króna frá 2017 til 2018. Samt fjölgaði störfum hjá félaginu. Af þessu er erfitt að draga aðra ályktun en að hæstlaunuðu störfin séu að færast frá Íslandi.

Hvað verður þá eftir hér á landi? Ekki háar fjárhæðir, það er víst. Það eina sem þessi félög skilja eftir í miklu magni er mengunin og úrgangurinn sem þau láta streyma beint úr sjókvíunum í firðina okkar.

**Þannig hafa þeir ekki nefnt einu orði þetta hrikalega tap sem er af þessum rekstri. Hvernig getur þetta gengið?**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum



**Sigríður Lára Haraldsdóttir**
formaður fagráðs eineltismála

**Almenna ráðgjöf, leiðbeiningar og upplýsingar er hægt að nálgast með því að senda fyrirspurn á netfangið fagrad@mms.is.**

Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum var skipað af Lilju D. Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra 13. febrúar 2018. Áður hafði verið starfandi fagráð eineltismála í grunnskólum frá árinu 2012, en núverandi fagráð tekur einnig til mála sem varða nemendur í framhaldsskólum. Verklagsreglur fyrir fagráðið voru endurskoðaðar í kjölfarið og tóku þær gildi 22. janúar 2019.

Fagráðið starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis, en umsýsla þess er hjá Menntamálastofnun. Fagráðið starfar í samræmi við ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 og ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskóla nr. 326/2016.

Hlutverk fagráðsins er tvíþætt. Annars vegar er hlutverk þess að að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf og hins vegar að gefa út ráðgefandi álit.

Almenna ráðgjöf, leiðbeiningar og upplýsingar er hægt að nálgast með því að senda fyrirspurn á netfangið fagrad@mms.is. Metið er hverju sinni hvort fyrirspurnum sé svarað af starfsmanni fagráðs eða af fagráðinu sjálfu, en þá eru þær teknar fyrir á reglulegum fundum fagráðs. Athygli er vakin á að hér er um almenna ráðgjöf að ræða en ekki nákvæmar leiðbeiningar í einstaka málum.

Aðilar skólasamfélagsins (t.d. foreldrar/forráðamenn, nemendur, starfsmenn skóla) geta vísað eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn á þeim innan skóla eða sveitarfélags, eða vegna meints aðgerðaleysis sömu aðila. Öll mál sem vísað er til fagráðsins eru tekin til athugunar og ef fagráð metur sem svo að málið uppfylli skilyrði um málsmeðferð er það tekið til vinnslu fagráðsins. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna sem fylgja málinu og annarra upplýsinga sem fagráðið aflar, til að mynda með viðtölum við málsaðila.

Eftirfylgni með álitinu er síðan viðhöfð til að kanna hver sé staða mála og hvort þeim ráðleggingum sem fagráðið leggur til í áliti sínu hafi verið fylgt eða ekki. Niðurstöður eftirfylgni fagráðsins eru sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti sem metur hvort ástæða sé til að aðhafast frekar í málinu, enda hefur fagráðið ekki úrskurðarvald í máli né tekur ákvarðanir um réttindi og skyldur.

Fagráðið nálgast hvert mál á hlutlausan máta og dregur ekki taum neins, hvorki skólans, sveitarfélags né foreldra. Fagráðið leggur áherslu á að finna farsælar leiðir til að takast á við vandann og gefa öllum aðilum tækifæri til að axla ábyrgð, fremur en að skilgreina meint einelti eða alvarleika þess. Fagráðið vinnur ávallt út frá hagsmunum þeirra barna sem um ræðir.

# Franco fór en varð samt eftir



**Jón Sigurður Eyjólfsson**
rithöfundur búsettur á Spáni

Síðastliðinn fimmtudag luku spænsk yfirvöld við það þjóðþrifaverk að grafa líkamsleifar einræðisherrans Franciscos Franco upp eftir að þau höfðu legið í fjörutíu og fjögur ár undir einu tignarlegasta grafhýsi veraldar í Dal hinna föllnu. Beinin voru færð en meira að segja dagsbirtan dugar ekki á drauginn sem fer hvergi. En hver vill draga yfir sig skugga manns sem tók fjölda landa sinna af lífi, pyntaði pólitíska óvini, rak aðra í útlegð, kúgaði landið sem í stjórnartíð hans gat aldrei kosið, haldið úti alvöru blaðamennsku eða menningarlífi?

## Æ, leyfið karlinum að vera

Einhverjir kynnu að halda að í lýðræðisríkinu Spáni væri almenn sátt um að flytja einræðisherra úr svo veglegu grafhýsi sem falangistar létu reisa og notuðu til þess meðal annarra pólitíska fanga sem sumir hverjir týndu lífi og limum við vinnuna. Þar að auki lá hann þar innan um mörg þúsund fórnarlömb sín í mikilli óþökk ættingjanna.

En það er ekki svo. Aðeins hef ég séð eina könnun sem greinir tæpan meirihlutastuðning við þessa ákvörðun. Hvernig í ósköpunum stendur á því? Það væri kannski hægt að spyrja þau þrjú hundruð sem stóðu með upprétta hönd að fasista sið við kirkjugarðinn í Mingorrubio þegar farið var með kistuna þangað. Þeir myndu eflaust fara með möntruna sem greinir honum almannatryggingakerfið, vinnumáladómstólinn, eftirlaunakerfið en allt varð þetta til fyrir hans valdatíð. Eða hampa honum fyrir að hafa opnað spænska hagkerfið meðan eðlilegra væri að núa honum því um nasir að hans vegna var það alltof lengi lokað. Svo á hann að hafa komið efnahagnum í lag eftir erfið ár en mest af hans valdatíð voru eymdarár og þegar hann lést árið 1975 var Spánn ennþá neðar á lista hagsældarþjóða en hann hafði verið fyrir borgarastríðið sem hófst 1936. Einhverjir telja meira að segja að atvinnuleysi hafi ekki verið til í hans tíð. Auðvitað var það til en hann hafði hins vegar ekki fyrir því að mæla það fyrr en sín síðustu ár.

Öll hvílir þessi afrekasaga því á misskilningi sem blaðamenn virðast ekki hafa haft tök á að leiðrétta.

## Uppskáldum afrekaskrá

Þetta eru ekki einu stuðningsmennirnir. Ólíklegustu menn eru farnir að hvísla að mér: „Ef þú varst ekkert að vesenast í pólitík þá lifðir þú fínt á tímum Francos. Þá var enginn með neitt vesen, annað en þessi upplausn sem núna ríkir.“ Þetta kemur heim og saman við hugmyndaheim hins nýja hægriöfgaflokks Vox sem sakar til dæmis spænsku stjórnina um vanhelgun fyrir að flytja líkið af Franco. Framlag flokksins er fyrst og fremst að vilja leysa flest vandamál landsins með harðri hendi að hætti þessi gamla.

En það þarf ekki að leita útí öfgar til að finna vanþóknun á flutningnum. Lýðflokkurinn, íhaldsflokkur sem gamall ráðherra Francos stofnaði, er heldur ekkert hrifinn af þessu.

## Franco ehf.

Fjölskylda Francos er síðan kapítuli útaf fyrir sig. Tilætlunarsemin, frekjan og kokhreystin er með því svæsnasta sem ég hef séð. Þó löggjafarvaldið, dómsvaldið og framkvæmdarvaldið hefðu sammælst um flutninginn átti „réttur“ fjölskyldunnar að vera yfir allt þetta hafinn. Loks þegar látið var til skarar skríða léku þau fórnarlömb og sögðu harmi slegin að „réttlætið væri aðeins fyrir suma í þessu landi“. Þau mættu þakka fyrir að búa ekki í Chile þar sem afkomendur Pinochets hafa þurft að láta af hendi lönd og fjármuni sem sá einvaldur hafði uppúr krafsinu. Enginn minnist á það hér að auðæfi Francos skyldu skipta um hendur. Með öðrum orðum, ein arfleifð hans er þessi aðall sem enn telur sig yfir rétt og ríki hafinn. Og við erum ekki að tala um neina sparisjóðsreikninga heldur auðvaldsklíku sem lætur til sín taka í samfélaginu, einsog höfundurinn Antonio Maestre greinir frá í nýrri bók en titil hennar mætti þýða Franco ehf. Þetta er þó eyðimerkurhróp hjá honum, enginn annar talar um þetta.

**Fjölskylda Francos er síðan kapítuli útaf fyrir sig. Tilætlunarsemin, frekjan og kokhreystin er með því svæsnasta sem ég hef séð. Þó löggjafarvaldið, dómsvaldið og framkvæmdavaldið hefðu sammælst um flutninginn átti „réttur“ fjölskyldunnar að vera yfir allt þetta hafinn.**

## Bókmenntir, blaðamennska, lýðræði

Nú, hvað útskýrir þá þessa ódrepandi lýðhylli? Persónutöfrarnir? Lesendur geta sjálfir farið á YouTube til að mæla þokka þessa litla og skrækróma naggs.

Mér er svarafátt en mannvonskuhugmyndir hafa alltaf verið til og þegar þær komast til framkvæmda miða þær alltaf fyrst að því að koma bókmenntum, blaðamennsku og lýðræði fyrir kattarnef. Þjóð sem ekki vill búa við draugagang, sem hér ríður húsum, ætti að hlúa vel að þessu þríeyki.


GLÆNÝR
FOCUS ACTIVE

KRÖFTUGUR OG FJÖLHÆFUR Í JEPPASTÍL!

- Árekstrarvari að framan, nemur einnig gangandi og hjólandi vegfarendur
- Veglínuskynjari og umferðaskiltalesari
- Leðurklætt stýrishjól
- Loftkæling
- Aksturstölva
- My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða ofl.)
- ECO mode eldsneytissparnaðarkerfi
- SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu í 112
- Apple CarPlay og Android Auto
- 8" snertiskjár
- Stillanlegir akstursmátar (Normal/Eco/Sport/Trail og Snow)
- Easy fuel eldsneytisfylling án loks
- ESC stöðugleikastýrikerfi
- TC spólvörn
- TVC (Torque Vectoring Control)
- LED dagljós með birtuskynjara
- Hraðatakmarkari
- Brekkuaðstoð

*Ford tekur þig lengra*
*Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus Active*




Ford Focus Active
Verð frá 3.690.000 kr.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is



Frank Lampard, knattspyrnustjóri Chelsea, er með meira en 150 í greindarvísitölu. Lampard og sveinar hans hafa vart stigið feilspor frá 4-0 tapi gegn Manchester United. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gáfnafarið gerir gæfumuninn

Frank Lampard hefur yfir 150 í greindarvísitölu. Hann tilheyrir því aðeins 0,1 prósenti jarðarbúa sem hefur svo háa greindarvísitölu. Það hefur sýnt sig að Lampard veit svo sannarlega hvað hann er að gera á hliðarlínu Chelsea sem hefur unnið sex leiki í röð.

**FÓTBOLTI** Frank Lampard svaraði nokkrum spurningum fyrir helgi þar sem kom í ljós að hann er með yfir 150 í greindarvísitölu. Eftir að hafa tapað fyrsta deildarleiknum gegn Manchester United nokkuð sannfærandi 4-0 hefur hann varla slegið feilnótu og hitt á margar hárréttar ákvarðanir. Hvort það er vegna þessa ægilega gáfnafars skal ósagt látið en hann tilheyrir engu að síður aðeins 0,1 prósenti mannkyns sem hefur þessa háu tölu. Lampard er sjöundi enski stjórinn sem vinnur sex leiki í röð en sá síðasti sem gerði það var Alan Pardew árið 2012. Hér koma nokkrir punktar sem Lampard hefur gert hárrétt á tímabilinu.



Tammy Abraham hefur raðað inn mörkunum. NORDICPHOTOS/GETTY



Hinn ungi Reece James er upprennandi stjarna. NORDICPHOTOS/GETTY

### Ungu strákarnir

Eiður Smári benti réttilega á í Vellinum að Lampard þyrfti ekkert endilega að nota ungu strákana. Hann kysi að gera það. Enda hafa þeir gæðin til að standa sig í deild þeirra bestu. Nýjasta viðbótin við Mason Mount, Christian Pulisic, Callum Hudson-Odoi, Tammy Abraham og Fikayo Tomori var frammistaða Reece James sem núllaði út Wilfried Zaha. James er aðeins 19 ára, hann hirti stöðuna af César Azpilicueta, fyrirliða Chelsea, og hefur fengið mikið hrós.

### Willian

Þegar Azpilicueta var tekinn út úr liðinu vantaði Chelsea fyrirliða. Lampard lét Brasilíumanninn Willian fá fyrirliðabandið og Brassinn var stórkostlegur í leiknum gegn Palace. Aðstoðaði ungu leikmennina eftir fremsta megni og virtist vera leiðtogi sem enginn vissi að hann væri – nema auðvitað Lampard.

### Rétt farið með góða menn

Hudson-Odoi var nánast genginn út um dyrnar til FC Bayern í sumar en hætti við eftir að hafa spjallað við Lampard.

Guttinn hefur svakalegan hraða og hefur lagt upp þrjú mörk það sem af er tímabilinu. Jorginho hefur einnig lýst því hvernig samband þeirra Lampards hefur gert hann að betri leikmanni. Þá voru margir hugsi yfir hvernig Lampard notaði Pulisic í upphafi en það er enginn að velta því fyrir sér lengur. Það er nánast hægt að halda því fram að liðið sakni Edens Hazard ekkert sérstaklega mikið.

### Agi og gleði

Chelsea hefur ekki fengið eitt einasta rautt spjald í deildinni og brotið af sér aðeins 61 sinni. Af þeim brotum hafa 23 haft gul spjöld í för með sér.

Ungir drengir gera oft barnaleg mistök en Lampard hefur náð að halda einbeitingu drengjanna í allar 90 mínúturnar. Þannig hefur liðið ekki heldur gert nein mistök sem hafa leitt til marks. Í bland við mikla einbeitingu spilar liðið með bros á vör og hefur fengið hrós fyrir skemmtilegan leik – enda hefur það skorað 27 mörk sem er það fjórða mesta í ensku úrvalsdeildinni.

### Gáfuð og greind

Aðrir með yfir 150 í greindarvísitölu eru: Jessica Alba 151, Mark Zuckerberg 152, Colin Firth 153, Sharon Stone 154, Michael Jordan 154, Cindy Crawford 154, Donald Trump 156, Lisa Simpson 159, Silvester Stallone 160, Steve Jobs 160, Matt Damon 160.

benediktboas@frettabladid.is

# Stökkhirtirnir sameina Suður-Afríku

**Ruðningslið Suður-Afríku stóð uppi sem sigurvegari á HM í ruðningi sem lauk um síðustu helgi. Stökkhirtirnir, eins og þeir hafa verið kallaðir, hafa áður verið sameiningartákn þjóðarinnar og sagði fyrirliðinn að þessi sigur væri fyrir alla þjóðina.**


Stökkhirtirnir voru ekki taldir sigurstranglegastir fyrir mót en með hverjum leik urðu þeir sterkari og sterkari.

**RUÐNINGUR** Í þriðja sinn í sögunni tókst Stökkhjörtunum (e. Springboks) frá Suður-Afríku að færa þjóðinni sinni heimsmeistaratitil um síðustu helgi þegar suðurafríska landsliðið í ruðningi vann 32-12 sigur á Englandi í úrslitunum sem fóru fram í Japan í fyrsta sinn. Nú eru 24 ár liðin síðan Suður-Afríka vann heimsmeistaratitilinn í fyrsta sinn á heimavelli og þurfti suðurafríska þjóðin aftur að bíða í tólf ár eftir titlinum þar til um síðustu helgi. Með því er Suður-Afríka ásamt Nýja-Sjálandi sigursælasta lið keppninnar með þrjá titla með naumt forskot á Ástralíu (2) og England (1).

Ruðningur markar djúp spor í sögu íþrótta og stjórnvalda í Suður-Afríku en fyrsti leikur Suður-Afríku í ruðningi fór fram árið 1891. Tólf árum síðar vann Suður-Afríka fyrsta leik sinn og tapaði ekki leik í 53 ár þegar ruðningslið skipulögðu eigin keppnisferðalög og engin keppni var komin á laggirnar. Ruðningur var íþrótt hvítra í Suður-Afríku en þegar aðskilnaðarstefnan var sett á var lið Suður-Afríku gagnrýnt og fór svo að lið neituðu að mæta Suður-Afríku til að mótmæla aðskilnaðarstefnu suðurafrískra stjórnvalda. Því kom sex ára tímabil þar sem engin þjóð var tilbúin til að mæta Stökkhjörtunum á sama tíma og Heimsmeistaramótið var sett á laggirnar árið 1987, en þegar aðskilnaðarstefnan var lögð niður fékk Suður-Afríka inngöngu inn í ruðningssamfélagið á ný. Suður-Afríka var gestgjafi á HM 1995 þar sem fyrsti titillinn vannst og var það söguleg stund þegar Nelson Mandela, sem var þá nýkjörinn forseti, afhenti Francois Pienaar titilinn í lok móts eftir að hafa sameinað landið á ný.

Í meistaraliðinu 1995 var Chester Williams þriðji svarti leikmaðurinn í sögu liðsins þegar Suður-Afríka varð meistari í fyrsta sinn en í ár var um þriðjungur liðsins svartur á hörund. Það var því táknrænt að Siya Kolisi fengi að taka við bikarnum í leikslok um helgina en hann varð fyrr á árinu fyrsti svarti fyrirliðinn í sögu suðurafríska liðsins. „Fólkið heima í Suður-Afríku hefur hvatt okkur og við erum mjög þakklátir fyrir þennan stuðning. Ég hef aldrei kynnst öðru eins á minni ævi. Við komum úr mismunandi aðstæðum en við stefnum allir á sama markmið. Þjálfarinn hafði orð á því að við værum ekki að spila fyrir okkur heldur fólkið heima. Við elskum land okkar og þetta sýnir að okkur eru allir vegir færir ef við stöndum saman.“

Khanyiso Tshwaku, blaðamaður Sunday Times í Suður-Afríku, sem fylgist með ruðningi, tók undir orð Kolisi.

„Pólitíska landslagið í Suður-Afríku er annað í dag en árið 1995 en það eru enn vandamál, sérstaklega þegar kemur að misrétti. Í ár eru fleiri leikmenn í liðinu sem eru svartir á hörund og í fremstu röð í heiminum sem þýddi að liðið endurspeglaði betur samfélag Suður-Afríku. Hlutfall svartra í Suður-Afríku hefur ekki verið endurspeglað í ruðningslandsliði þjóðarinnar í gegnum tíðina og það er enn langur vegur fram undan þótt þetta hafi verið skref í rétta átt. Það voru flottir fulltrúar í landsliðinu í ár og mikilvægt að hafa fyrsta svarta fyrirliðann, Siya Kolisi, sem margir gátu tengt við.“

Tshwaku sagðist ekki hafa útilokað möguleika Suður-Afríku fyrir mótið en var hæfilega bjartsýnn.

„Þetta kom að einhverju leyti á óvart. Stökkhirtirnir voru ekki taldir sigurstranglegastir fyrir mót og eftir tap fyrir Nýja-Sjálandi í riðlakeppninni minnkuðu væntingarnar. Með hverjum leik urðu þeir sterkari og sterkari og hefur leiðin í raun bara legið upp á við eftir tapið í Albany árið 2017 [innsk. blaðamanns: stærsta tap Suður-Afríku frá upphafi, 0-57 tap gegn Nýja-Sjálandi]. Þeir fengu greiða leið í úrslitaleikinn og léku frábærlega þar,“ sagði Tshwaku,spurður um árangur Suður-Afríku á HM.

benediktboas@frettabladid.is



Þegar aðskilnaðarstefnan var lögð niður fékk Suður-Afríka inngöngu inn í ruðningssamfélagið á ný og voru getgjafar á Heimsmeistaramótinu 1995.

**16** ár eru liðin síðan önnur þjóð en Nýsjálendingar eða Suður-Afríkumenn unnu HM í ruðningi.

**777** dagar liðu á milli stærsta taps Suður-Afríku frá upphafi, 0-57 taps fyrir Nýja-Sjálandi, og dagsins þegar þeir urðu heimsmeistarar á ný.

**3.** sinn sem Suður-Afríka verður heimsmeistari sem er met og deilir Suður-Afríka því með Nýja-Sjálandi.

**7.** sæti náði Suður-Afríka á styrkleikalista Alþjóðaruðningssambandsins fyrir HM.


FÉLAG SJÚKRAÞJÁLFARA
SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU
LR 1909
SAMTÖK HEILBRIGÐISFYRIRTÆKJA
Tannlæknafélag Íslands

## ANNMARKAR VIÐ KAUP RÍKISINS Á HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Málþing á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, Læknafélags Reykjavíkur, Félags sjúkraþjálfara, Samtaka heilbrigðisfyrirtækja og Tannlæknafélags Íslands.

**Þriðjudaginn 12. nóvember kl. 13.30 á hótel Reykjavík Natura**


Pétur Magnússon


Svanbjörn Thoroddsen


Dögg Pálsdóttir


Eybjörg Hauksdóttir


Kristján Guðmundsson


Haraldur Sæmundsson


Elín Sigurgeirsdóttir


Andrés Magnússon

### DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 13.30 - 13.40 | **Setning málþings** Pétur Magnússon, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Hrafnistuheimilanna |
| 13.40 - 14.10 | **Starfsumhverfi þjónustuveitenda í heilbrigðisþjónustu – ný skýrsla KPMG** Svanbjörn Thoroddsen, stjórnarformaður KPMG á Íslandi |
| 14.10 - 14.25 | **Lögin um opinber innkaup og þjónusta í almannaþágu sem ekki er af efnahagslegum toga** Dögg Pálsdóttir, hæstaréttarlögmaður og lögmaður Læknafélags Íslands |
| 14.25 - 14.40 | **Samningagerð við Sjúkratryggingar Íslands** Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu |
| 14.40 - 14.55 | **Hvað á ríkið að kaupa? Þarfagreining og forgangsröðun** Kristján Guðmundsson, formaður samninganefndar Læknafélags Reykjavíkur |
| 14.55 - 15.10 | **Félag sjúkraþjálfara og SÍ – saga, reynsla og staða** Haraldur Sæmundsson, formaður samninganefndar sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara |
| 15.10 - 15.25 | **Tannlæknafélag Íslands – samstaða og samvinna** Elín Sigurgeirsdóttir, fv. formaður Tannlæknafélags Íslands |

**Að framsögum loknum verða pallborðsumræður.**

**Fundarstjóri:** Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

**Málþingið verður haldið á hótel Reykjavík Natura, þriðjudaginn 12. nóvember nk. kl. 13.30-16.00.**

**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.**

# Þær kunnu söguna utan að

**Í Gvendarhúsi í Vestmannaeyjum afhenti húsráðandinn, Sigurgeir Jónsson kennari, þremur afastelpum hverri sitt eintakið af nýrri, myndskreyttri bók fyrir skemmstu.**

Upphafið má rekja nokkra áratugi aftur í tímann. Þá var ég að hlusta á útvarpið og þar var verið að lesa sögu. Ég man ekkert lengur hver las en ég varð hrifinn af sögunni,“ segir Sigurgeir Jónsson, kennari í Vestmannaeyjum, er ég bið hann að segja frá tilurð nýrrar bókar sem hann á vissan heiður af. „Þetta var gamalt íslenskt ævintýri, ég hef hvergi séð það á prenti en lagði það á minnið. Svo kom að því að ég fór að segja afadætrum mínum það á kvöldin, nennti ekki að lesa fyrir þær og vildi heldur segja frá. Sagan komst strax í uppáhald og ýtti Rauðhettu, Búkollu og Mjallhvíti út af borðinu. Alltaf vildu þær heyra af henni Helgu en kunnu söguna utan að.“

Sigurgeir segir Guðjón Inga í bókaútgáfunni Hólum hafa viljað gefa út söguna. „Ég fékk fimmtán ára frænku mína, sem heitir Sunna Einarsdóttir, til að myndskreyta hana. Hún er flink. Þetta er samt í fyrsta skipti sem hún teiknar svona myndir, yfirleitt er hún meira í fígúrum.“

Í nýju útgáfunni heitir sagan Munaðarlausa stúlkan og fjallar um litlu munaðarlausu stúlkuna Helgu sem er alin upp hjá vandalausum sem koma ekki vel fram við hana. „En Helga er góð við þá sem eru fátækir og eiga bágt og nýtur þess í sögulok,“ segir Sigurgeir. „Þetta er eitt af þessum góðu, sígildu ævintýrum. Þeim sem eru góðir við aðra er umbunað.“ **gun@frettabladid.is**



**Sigurgeir að afhenda afastelpunum, Sögu Björgvinsdóttur, Lovísu Jarlsdóttur og Birtu Björgvinsdóttur, bókina. Sunna myndskreytir fylgist með.** MYND/ÓSKAR PÉTUR

---

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Anna Lárusdóttir Hjaltested**

lést á heimili sínu á Hömrum, Mosfellsbæ, föstudaginn 8. nóvember.

**Þórður B. Sigurðsson**
**Björn Þráinn Þórðarson** — **Helga Þorvarðardóttir**
**Sigurður Þengill Þórðarson** — **Sigurveig Sigurðardóttir**
**Anna Sigríður Þórðardóttir** — **Anna Lísa Sigurjónsdóttir**
**Ingveldur Lára Þórðardóttir** — **Gunnar Þorsteinsson**
**Ólafur Þórður Þórðarson** — **Jan Murtomaa**
**Margrét Sigríður Sævarsdóttir**
**Katrín Þórey Þórðardóttir** — **Hjorth Peter Hjorth**
**barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabarn og aðrir ástvinir.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elín Svafa Bjarnadóttir**

Boðagranda 4, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 1. nóvember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 15. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Bjarni Thoroddsen** — **Ásta H. Þ.**
**Ólafur Örn Thoroddsen** — **Sigríður Jónsdóttir**
**Jóhann Thoroddsen** — **Katla Kristvinsdóttir**
**Ólína Elín Thoroddsen**
**barnabörn og langömmubörn.**

---





Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 2**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


---


*Nærgætni, hlýja og virðing* — *Við andlát ástvinar*



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**


---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,

**Pálmar Guðmundsson**

Vogatungu 46, Mosfellsbæ,

lést 6. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 15. nóvember kl. 15.

**Steinunn Ferdinandsdóttir**
**Guðmundur Friðrik Pálmarsson**
**Rúnar Pálmarsson**
**Arnar Söebech Pálmarsson** — **Sigrún Lilja Traustadóttir**
**Lára Pálmarsdóttir** — **Brynjar Traustason**
**Lára Pálmarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Haraldsdóttir**

Þórólfsgötu 15, Borgarnesi,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 8. nóvember. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju fimmtudaginn 14. nóvember kl. 14.

**Haraldur Bjarnason** — **Katrín Frímannsdóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir** — **Jón Ólafur Daníelsson**
**Ari Bjarnason** — **Fanney Berit Sveinbjörnsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Sigrún Ragnarsdóttir**

Laugarásvegi 43, Reykjavík,

lést sunnudaginn 3. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju í dag, þriðjudag 12. nóvember klukkan 13.

**Ásta R. Jóhannesdóttir** — **Einar Örn Stefánsson**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Ragnar Jóhannesson**
**Bjarni Jóhannesson** — **Auður Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi, bróðir og mágur,

**Guðmundur Jónsson,**

Hólabraut 12, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 18. október. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 14. nóvember kl. 13.00.

**Ásdís Jónsdóttir**
**Soffía G. Guðmundsdóttir** — **Birgir S. Ellertsson**
**Jóna Guðmundsdóttir** — **Kristinn Árnason**
**Jóna Jónsdóttir** — **Þorsteinn Svavarsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og stuðning við andlát og útför

**Júlíusar Péturs Bergssonar**

Stórholti 9, Akureyri.

Sérstakar þakkir fá séra Svavar A. Jónsson, starfsfólkið á Gjörgæsludeild og Líknardeild SAK. Svo og starfsfólk Útfararþjónustu KGA fyrir hlýhug og stuðning.

**Anna Jónína Þorsteinsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma

**Bryngerður Bryngeirsdóttir**

frá Búastöðum, Vestmannaeyjum,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 2. nóvember. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 15. nóvember kl. 13.

**Bára Ásbjörnsdóttir** — **Guðmundur Haraldsson**
**Bryngeir Ásbjörnsson** — **Valgerður Þórðardóttir**
**Bergsteinn Ásbjörnsson**
**Lovísa Ásbjörnsdóttir**
**og fjölskyldur.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 12. NÓVEMBER 2019



Kína hefur samþykkt nýtt lyf við Alzheimer-sjúkdómnum. Samþykkið er þó háð vissum skilyrðum en þetta er í fyrsta sinn í næstum tvo áratugi sem slíkt samþykki hefur verið veitt. ➜4



Árni Kristjánsson segir kynni sín við CrossFit fyrir áratug hafa gjörbreytt lífi sínu en í dag er hann þjálfari í CrossFit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Í toppstandi og líður vel á vegan mataræði

Árni Björn Kristjánsson kynntist CrossFit árið 2009 og vó þá 130 kíló. Í dag starfar Árni sem stöðva- og yfirþjálfari hjá CrossFit XY ásamt því að leggja stund á mastersnám í lögfræði. Þá neytir hann engra dýraafurða. ➜2





Árni Kristjánsson kynntist CrossFit 2009. MYND/SVAVAR SIGURSTEINSSON



Árni og Guðrún Ósk ásamt dóttur sinni, Halldóru Maríu Árnadóttur.

Framhald af forsíðu ➡

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Ég var duglegur í íþróttum á yngri árum, æfði og keppti í tennis í mörg ár. Þegar ég varð tvítugur byrjaði áhuginn að dvína eins og gerist oft á þeim aldri. Ég þyngdist mjög mikið eftir að ég hætti í íþróttum og árið 2009, þegar ég var 22 ára, var ég orðinn 130 kíló og fékk þá nóg af sjálfum mér. Ég skráði mig þá á grunnnámskeið í CrossFit,“ segir Árni. „Ég féll strax alveg kylliflatur fyrir CrossFit og hef stundað það síðan enda það skemmtilegasta sem ég geri. Upphaflega var ætlunin bara að léttast um nokkur kíló en þetta hefur heldur betur undið upp á sig og í dag er CrossFit stór hluti af lífi mínu.“

Árni segir kynni sín af CrossFit hafa umbreytt lífi sínu til hins betra. „Um leið og ég byrjaði að sjá árangur þá leið mér svo miklu betur, bæði líkamlega og andlega. Það stóð til að setja mig á blóðþrýstingslyf vegna of hás blóðþrýstings en það kom aldrei til þess því blóðþrýstingurinn lækkaði mjög fljótlega eftir að ég byrjaði að léttast. Til lengri tíma þá hefur þetta gjörbreytt lífi mínu.“

Það hafi haft víðtæk áhrif á líf hans. „Ég öðlaðist sjálfstraust sem ég hafði ekki fundið fyrir síðan ég var unglingur og á fullu í íþróttum. Fullur af sjálfstrausti skráði ég mig í háskólanám í lögfræði og fékk mér kennsluréttindi í CrossFit á svipuðum tíma.“

## Minna sig á „af hverju“

Árni ráðleggur þeim sem vilja hreyfa sig meira en eiga erfitt með að koma sér af stað að líta inn á við og skoða tilganginn. „Ef fólk hefur áhuga á aukinni hreyfingu þá finnst mér mjög mikilvægt að fólk líti aðeins í eigin barm og spyrji sig „af hverju“ það vill hreyfa sig meira. Þegar fólk hefur skýrar ástæður þá verður þetta auðveldara, alveg sama hver ástæðan er. Sumir vilja bara líta betur út, aðrir vilja setja sér markmið um að hlaupa kannski maraþon einn daginn og einhverjir vilja bæta lífsgæði sín til þess að eiga auðveldara með daglegt líf eins og vinnu eða í leik við börnin sín.“

Þrátt fyrir að fá mikla ánægju út úr CrossFit segir Árni að hann þurfi líka stundum að minna sig

> Í dag er mín ástæða sú að ég vil vera í besta mögulega formi sem ég get svo ég geti ávallt verið til staðar fyrir fjölskylduna mína þegar á reynir.

á ástæðurnar fyrir iðkun sinni. „Þó svo ég elski CrossFit og það er með því skemmtilegasta sem ég geri þá er það mjög erfitt og ég þarf reglulega að minna mig á af hverju í ósköpunum ég er að leggja þetta á mig.“

Þá hafi markmiðin með hreyfingunni breyst með árunum. „Hér áður fyrr æfði ég af hörku til þess að ná sem lengst í íþróttinni og var að keppa á fullu en í dag er mín ástæða sú að ég vil vera í besta mögulega formi sem ég get svo ég geti ávallt verið til staðar fyrir fjölskylduna mína þegar á reynir,“ segir Árni, sem er kvæntur Guðrúnu Ósk Maríasdóttur matvælafræðingi og eiga þau sex ára stelpu. Halldóru Maríu. „Dóttir okkar er langveik en hún er með sjaldgæfan genagalla sem lýsir sér þannig að hún er bæði flogaveik og með hreyfi- og þroskahamlanir.“

## Hugljómun í kjölfar vettvangsferðar í sláturhús

Árni og Guðrún Ósk eru bæði vegan og neyta því engra dýraafurða. „Konan mín varð vegan fyrir þremur árum en ég hef verið vegan í tvö og hálft ár,“ segir Árni. Sú vegferð hófst eftir að Guðrún heimsótti sláturhús. „Fyrir rúmlega þremur árum var Guðrún í meistaranámi í matvælafræði og fór í vettvangsferð í sláturhús og í kjölfarið missti hún alla löngun til að neyta dýraafurða. Þessi eina vettvangsferð opnaði augu okkar og sýndi okkur hversu ógeðfelld fjöldaframleiðsla á dýrum er. Við höfðum alltaf verið dýravinir en töldum kjötneyslu bara eðlilegan part af lífinu.“

Fræinu var sáð og eftir smá rannsóknarvinnu urðu þau hjón fyrir ákveðinni hugljómun og varð þá ekki aftur snúið. „Það var ekki fyrr en við förum að skoða hlutina betur og sáum hvernig komið er fram við dýr í matvælaiðnaðinum að við fórum að aðhyllast veganisma. Við gátum ekki hugsað okkur að vera ástæða þess að lifandi veru væri slátrað bara svo við gætum fengið okkur kjötstykki í kvöldmat þegar maður getur allt eins útbúið dýrindis máltíð einungis úr hrávörum sem koma úr plönturíkinu.“



Árni, Guðrún Ósk og Halldóra María í fjallgöngu á blíðviðrisdegi.

Árni segist finna fyrir mikilli vellíðan á vegan mataræði. „Mér hefur liðið mjög vel bæði líkamlega og andlega. Blóðþrýstingur, hjartsláttur og allar blóðprufur eru í toppstandi. Eina sem ég hef þurft að passa upp á er að taka B12 vítamín því þeir sem eru vegan fá ekki B12 úr fæðunni í sama magni og þeir sem neyta dýraafurða.“

Viðbrögðin við ákvörðuninni hafi verið blendin. framan af. „Til að byrja með voru viðbrögðin ekkert sérstaklega jákvæð. Fólk skildi ekki alveg þennan snögga viðsnúning í lífi okkar en sem betur fer verður þetta alltaf auðveldara og auðveldara og sífellt fleiri sem horfa á veganisma með opnum huga og eru tilbúnir til þess að skoða um hvað þetta snýst.“

## Margþættur ávinningur

Árni segir slæma meðferð dýra vera helstu ástæðuna fyrir veganisma þeirra hjóna. „Veganismi skiptir gríðarlega miklu máli því þetta snertir svo mörg svið. Þetta stuðlar að dýravernd sem var einmitt ástæðan fyrir því að ég og konan mín urðum vegan. Svo hefur þetta ótrúlega jákvæð áhrif á umhverfið en það hefur verið margsannað nú að undanförnu hversu slæm áhrif fjöldaframleiðsla á dýrum hefur á umhverfið. Þar fyrir utan getur þetta haft gífurlega jákvæð áhrif á heilsuna svo lengi sem rétt er staðið að mataræðinu.“

Aðspurður hvort hann lumi á ráðum fyrir þau sem eru forvitin um veganisma, segir Árni að líkt og með hreyfinguna, þá skipti máli að minna sig á hvaða ástæður liggi að baki ákvörðuninni. „Sömu ráð og þegar kemur að hreyfingu. Fólk þarf að vita hvers vegna það hefur áhuga á að prófa veganisma. Ástæðan skiptir í raun ekki máli, hvort sem það er vegna dýraverndunarsjónarmiða, umhverfissjónarmiða eða fyrir heilsuna það er mikilvægt að fólk viti sína ástæðu.“

Það sé einfalt að aðlaga sig að nýju mataræði með því að skipta út dýraafurðum fyrir fjölda staðgengla sem í boði séu. „Síðan í kjölfarið er auðveldast að byrja á því að taka sína uppáhaldsrétti og „veganvæða“ þá en það er hægt að skipta öllum dýraafurðum út fyrir eitthvað sem kemur úr plönturíkinu. Við borðum bara venjulegan og hefðbundinn mat en sleppum öllum dýraafurðum.“

Þá sé hann ávallt reiðubúinn að fræða fólk um kosti þess að sneiða hjá dýraafurðum og bjóði enn fremur upp á námskeið fyrir þau sem eru áhugasöm. „Ég er alltaf tilbúinn til þess að ræða við hvern sem er ef hann vill fræðast meira um veganisma eða plöntumiðað mataræði. Við konan mín höfum meira að segja haldið plöntumiðuð næringarnámskeið og höldum úti síðunni GÓ Heilsa á Instagram og ég hvet fólk til þess að hafa samband ef það vantar hjálp við að byrja.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf

**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,



Vertu úti í
AKU
Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir. Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.
Hafðu AKU með í valinu
AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum
AKU SUPERALP GTX
39.990 kr.
ST 35-48
GUARANTEED TO KEEP YOU DRY
GORE-TEX
PRODUCTS
GORE
AKU
GG•sport
Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is
Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram
Smiðjuvegur 8, Græn gata 200 Kópavogi, sími: 571 1020, www.ggsport.is
Opið virka daga frá 10.00 til 18.00, laugard. frá kl. 11.00 til 15.00

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is





Sérfræðingar segja að nýja lyfið þarfnist frekari rannsókna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýtt Alzheimerlyf sem virkar á þarmana

Kína hefur samþykkt nýtt lyf við Alzheimersjúkdómnum. Samþykkið er þó háð vissum skilyrðum en þetta er í fyrsta sinn í næstum tvo áratugi sem slíkt samþykki hefur verið veitt. Ýmsir sérfræðingar efast um virkni lyfsins.

Lyfið kallast Oligomannate og er búið til úr ákveðinni tegund brúnþörunga. Það var þróað af fyrirtækinu Shanghai Green Valley Pharmaceuticals. Lyfið er hugsað til meðferðar á fyrri stigum Alzheimersjúkdómsins samkvæmt upplýsingum frá heilsufréttasíðunni healthline.com.

Erfiðlega hefur gengið að fá ný Alzheimerslyf samþykkt undanfarin ár en hátt í 150 lyf hafa verið þróuð við sjúkdómnum sem ekki hafa fengið samþykki. Það veitir því vissa von að lyfið Oligomannate hafi fengið samþykki en ýmsum spurningum er þó ósvarað. Sérfræðingar segja að ekki liggi fyrir niðurstöður úr stórum rannsóknum um virkni lyfsins. Það þurfi að rannsaka það betur. Alzheimersamtök í Bandaríkjunum mæla ekki með að lyfið sé tekið inn fyrr en það hefur staðist allar kröfur bandaríska heilbrigðiseftirlitsins.

Í Kína má reikna með að lyfið standi sjúklingum til boða í lok þessa árs en þar fékk það forsamþykki í nóvember á síðasta ári. Rannsakendur þar segja niðurstöður úr nýlegri rannsókn, þar sem 818 sjúklingar tóku þátt og notaður var samanburðarhópur sem tók inn lyfleysu, vera jákvæðar.

Jákvæðar niðurstöður á sjúklingum sem tóku inn Oligomannate í kínversku rannsókninni komu strax í ljós eftir fjórar vikur. Sjúklingarnir sem tóku lyfið sýndu áframhaldandi vitsmunalega bætingu út þessar 36 vikur sem rannsóknin stóð yfir. Einnig leiddi rannsóknin í ljós að sjúklingarnir fundu ekki fyrir miklum aukaverkunum. Þær aukaverkarnir sem sjúklingarnir sögðust finna fyrir voru svipaðar þeim aukaverkunum sem þeir sem tóku lyfleysu fundu fyrir.

### Skiptar skoðanir um lyfið

Dr. Gayatri Devi, geðlæknir og taugasérfræðingur við Lenox Hill sjúkrahúsið í New York, segir að sérstaða þessa lyfs sé að það hefur ekki bein áhrif á heilann sjálfan eins og önnur lyf við Alzheimer. Hún segir að einkenni Alzheimer séu afleiðing ýmiss konar vandamála sem geta átt upptök sín á fleiri stöðum en í heilanum. Bólgur og meltingarfæri hafi margvísleg áhrif á einkenni sjúkdómsins og lyf sem hafi áhrif á meltingarfærin geti minnkað bólgur í líkamanum og þannig mögulega haft áhrif á heilastarfsemi. En lyfið hefur áhrif á bakteríur í þörmunum sem á að gera það að verkum að bólgur í heila minnka.

**» Lyfið hefur áhrif á bakteríur í þörmunum sem á að gera það að verkum að bólgur í heila minnka. Sérfræðingar segja frekari rannsókna þörf.**

Ýmsir sérfræðingar efast þó um gæði lyfsins og segja að þrátt fyrir að lyfið hafi verið rannsakað á fólki hafi rannsóknin ekki verið birt í læknablaði þar sem utanaðkomandi sérfræðingar rannsaka og gagnrýna hana áður en niðurstöðurnar eru birtar almenningi.

Dr. Aaron Ritter, læknir og stjórnandi klínískra rannsókna við læknamiðstöð í Las Vegas sem sérhæfir sig í heilasjúkdómum, bendir á að niðurstöður rannsóknarinnar sýni að ávinningur af notkun lyfsins sé svipaður og af öðrum lyfjum sem nú þegar eru í notkun samkvæmt upplýsingum frá læknasíðunni webmd.com. Hann segir að þó það sé vissulega áhugaverð hugmynd að hægt sé að lækna heilasjúkdóma með því að breyta þarmabakteríum þurfi mun fleiri rannsóknir til að sanna að lyfið hafi raunveruleg áhrif á Alzheimer

Margir læknar hafa látið í ljós efasemdir um raunverulega virkni lyfsins þar sem rannsóknin sem framkvæmd var í Kína sýnir árangur á ótrúlega skömmum tíma. Derek Lowe hefur rannsakað ný lyf og heldur úti bloggi um efnið. Hann bendir á að Alzheimersjúkdómurinn sé þess eðlis að fólk búist ekki við svona snöggum framförum. Hann minnir á að áður hafi verið reynt að búa til lyf sem hafi áhrif á bólgur í taugum sem meðferð við Alzheimer án árangurs.

## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**Kemur út þriðjudaginn 26. nóvember.**

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins.
Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

**Vilt þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?**

**Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.**
**Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is**





FRÁBÆRT HAUST TILBOÐ
Á ÞESSUM LEGSTEINUM
Hér hvílir
Rósa Margrét Jónsdóttir
f. 10. 2. 1924 d. 21. 3. 2012
Ljúf minning lifir
299.900 KR.
MEÐ BEÐRAMMA
LUKT OG VASA
FULLT VERÐ: 544.250,-
2006 SB
Hér hvílir
Rósa Margrét Jónsdóttir
f. 10. 2. 1924 d. 21. 3. 2012
Blessuð sé minning þín
2020 SB
289.900 KR.
MEÐ BEÐRAMMA
LUKT OG VASA
FULLT VERÐ: 529.250,-
Hér hvílir
Rósa Margrét Jónsdóttir
f. 10. 2. 1924 d. 21. 3. 2012
Ljúf minning lifir
2042-1 SB
139.900 KR.
MEÐ SPÖRFUGLI
FULLT VERÐ: 291.650,-
VERÐ MIÐAST VIÐ ÁLETRAÐAN* STEIN
MEÐ UPPSETNINGU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
ATH. GRANÍTHÖLLIN ER FLUTT
AÐ FOSSALEYNI 16, 112 REYKJAVÍK
*Hefðbundin áletrun, 1 nafn
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Tilboð eða tímagjald. Uppl. í s: 778 0100.

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða manninn@hotmail.com

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar






# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

# 535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399



**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri. Hdl.
Löggiltur fasteignasali
GSM 895 2049



**SARA MARÍA KARLSDÓTTIR**
Fjármálastjóri
GSM 697 5524



**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149



**MATTHILDUR S. ÞORLÁKSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663 2508

## BRÍETARTÚN 9-11, 105 RVK - MIÐBÆR

**BÓKIÐ SKOÐUN - SÝNUM DAGLEGA**



**MATTHILDUR SUNNA 690 4966**

Fallegar tveggja til fimm herbergja íbúðir. Flestar íbúðanna eru með tveimur baðherbergjum. Hjónasvítur með fataherbergi og sér baðherbergi. Gólfhiti og svalalokanir eru í öllum íbúðum.

## LITLIKRIKI 2A - 270 MOS — 44.9M



**MATTHILDUR SUNNA 690 4966**

Falleg og vel skipulögð, þriggja herbergja, 97,7 fm. endaíbúð á 3. og efstu hæð í lyftuhúsi. Þvottahús innan íbúðar. Svalir til suðurs.

## BRÍETARTÚN 11, 105 RVK — 55.9M

**AFHENDING VIÐ KAUPSAMNING**



**MATTHILDUR SUNNA 690 4966**

Tveggja herbergja, 78,5 fm. íbúð á tveimur hæðum, með baðherbergi og gestasalerni. Inngangur á báðum hæðum. Lofthæð er um 6 metrar. Gólfhiti í íbúð og suður svalir. Þvottaaðstaða innan íbúðar.

## HELLUVAÐ 19, 110 RVK — TIL LEIGU



**MATTHILDUR SUNNA 690 4966**

Til leigu 101,5 fm., 3ja herbergja útsýnisíbúð á 5. og efstu hæð, með þaksvölum og glæsilegu útsýni. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu og geymsla í sameign. Leiguverð 250 þús. Laus strax

## TANGABRYGGJA 15, 110 RVK — 69.9M



**MATTHILDUR SUNNA 690 4966**

146,3 fm. íbúð á 6. hæð með stæði í upphituðum bílakjallara. Íbúðin er á tveimur hæðum. Íbúðin afhendist fullbúin við kaupsamning, með gólfefnum á öllum rýmum, innbyggðum ísskáp, frystir og uppþvottavél.

## LÁGALEITI - STÚDÍÓÍBÚÐ — 29.9M



**STEFÁN HRAFN 895 2049**

Til afhendingar strax, 36 fm fullbúin íbúð á jarðhæð með svölum. Allt tilbúið m.a. lýsing og gluggatjöld og öll tæki. Ný íbúð.

## BRÁVALLAGATA 46, 101 RVK



**STEFÁN HRAFN 895 2049**

70.8 fm. 3ja herb. björt íbúð á efri hæð á eftirsóttum stað. Aðeins 4 íbúðir í stigahúsi. Íbúðin skiptist í hol, tvö herbergi, eldhús, stofu og baðherbergi.

## SKEIFAN

**ATVINNUHÚSNÆÐI**



**STEFÁN HRAFN 895 2049**

Skeifan-atvinnuhúsnæði-efsta hæð. Til sölu eða leigu ca 250 fm hæð sem nýtt er sem veislusalur. Hentar vel undir skrifstofur eða þjónustu. Ný sameign. Lyfta. Frábær staðsetning og næg bílastæði.

## BLÖNDUHLÍÐ 18, 108 RVK — 67.9M



**ERLA DRÖFN 692 0149**

4ra herbergja hæð í einstaklega fallegu og mikið endurnýjuðu húsi. Eigninni fylgir bílskúr sem hefur verið innréttaður sem stúdíóíbúð.

## ÁRSKÓGAR 6, 7.HÆÐ - 107 RVK — 49.9M




**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON 663 2508**

Opið hús þriðjudaginn 12.nóvember klukkan 17:00 til 17:30 - Fyrir eldri borgara mjög skemmtileg þriggja herbergja 94,8 fermetra íbúð á 7.hæð í lyftuhúsi við Árskóga 6.

## MÁNATÚN 5, ÍB. 209 - 105 RVK — 76.9M

**BÓKIÐ SKOÐUN**



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON 663 2508**

Glæsileg 151,8 fermetra 3ja herbergja endaíbúð á annarri hæð. Íbúðin, sem er 140,6 fermetrar, skiptist í hol, rúmgott og bjart alrými með stórri eldhúsinnréttingu og eyju. BÓKIÐ SKOÐUN.

## BARÐASTAÐIR 11, 112 RVK — 99M



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON 663 2508**

Einstök 269,2 fermetra íbúð á tveimur efstu hæðum í lyftuhúsi. Stórkostlegt útsýni. Glæsilegar stofur og opið eldhús með mikilli lofthæð, hjónasvíta, tvö auka herbergi, þrjú baðherbergi, tvennar svalir.

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfs-manna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

KEY nat ura

## Ertu búin/n að skrá þig? Komdu í áskrift!



Það er hagkvæmt og þægilegt að vera í áskrift!

- 15% afsláttur
- Frí heimsending
- Enginn binditími



Það er líka umhverfisvænna!

- Fyrsta sending inniheldur fjölnota áldós með 60 töflum
- Næstu sendingar innihalda áfyllingar inn um bréfalúguna




**Þú getur skráð þig í áskrift af öllum okkar vörum á keynatura.is og í síma 562-8872**

KeyNatura byggir á vísindum og **íslensku** hugviti. Vörurnar innihalda **hreinar** íslenskar afurðir, meðal annars andoxunarefnið **Astaxanthin** og lífræna **ætihvönn**

Vörur frá KeyNatura fást í flestum apótekum, stórmörkuðum og vefverslun keynatura.is - Gefðu líkamanum gjöf!

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 4 |
| Ísafjörður | 0 | 3 |
| Akureyri | 0 | 2 |
| Egilsstaðir | -1 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 2 | 4 |
| Hveravellir | -3 | 7 |

Minnkandi austlæg átt, 10-18 m/s upp úr hádegi, en hægari suðvestanlands. Hvessir með suðurströndinni seinnipartinn, 15-20 m/s um tíma, en lægir aftur í kvöld. Rigning suðaustan til, þurrt að kalla fyrir norðan, en skúrir eða slydduél í öðrum landshlutum. Hiti 0 til 6 stig að deginum.

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 2 | 3 |
| Ísafjörður | -3 | 2 |
| Akureyri | -1 | 2 |
| Egilsstaðir | 0 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 4 |
| Hveravellir | -7 | 6 |

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -4 | 2 |
| Ísafjörður | -7 | 2 |
| Akureyri | -12 | 2 |
| Egilsstaðir | -2 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | -5 | 4 |
| Hveravellir | -9 | 1 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | 1 | | 6 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 9 | 5 | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | | | | 4 | 3 | | 7 |
| 6 | | 4 | | 5 | | 8 | | |
| 7 | | 1 | | | | 6 | 4 | |
| 3 | 8 | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | 7 | | | 8 |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 8 | | | | 1 | 2 | | 3 | |
| 4 | 8 | | | 3 | | 5 | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |
| 3 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | | |
| | | 1 | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 7 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | 3 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 9 | | |
| 3 | 4 | 5 | | | 6 | | 8 | |
| 6 | 7 | | | | | 2 | | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 6 | 2 | 3 | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 8 | | | | 3 | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 1 | 8 | 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 4 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 brennivídd
5 tæra
6 tveir eins
8 kukla
10 rómv. tala
11 hækkar
12 peningur
13 móttækileiki
15 hjöruás
17 fíflast

**LÓÐRÉTT**
1 græðgi
2 fjöldi
3 frostsár
4 askja
7 slengjast
9 strá
12 sýking
14 trylla
16 hæð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 fókus, 5 éta, 6 kk, 8 galdra, 10 il, 11 rís, 12 sent, 13 næmi, 15 drifás, 17 atast.
**LÓÐRÉTT:** 1 fégirnd, 2 ótal, 3 kal, 4 skrín, 7 kastast, 9 dreifa, 12 smit, 14 æra, 16 ás.

## Skák Gunnar Björnsson

Tscheckover átti leik gegn Kan í Leníngrad árið 1935.

**1. Dd5+! Hxd5 2. Bxd5+ Kh8 3. Hxa2 1-0.** Taflfélag Reykjavíkur vann sigur í fyrstu umferð EM taflfélaga en Víkingaklúbburinn tapaði. Benedikt Þórsson varð unglingameistari TR í strákaflokki og Batel Goitom Haile í stúlknaflokki.

**www.skak.is:** Þriðjudagsmót hjá TR í kvöld.

**Hvítur á leik**











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Réttur mánaðarins

**Fullelduð**
Bolognese kjötsósa




**Samtals**
**1.555 kr.**

**Bónus Bolognese Kjötsósa**, 1 kg, 998 kr.
**Hatting Hvítlauksbrauð**, 3 stk., 298 kr.
**Barilla Spaghetti**, 1 kg, 259 kr.



# Sparaðu
tíma og fyrirhöfn

**SAMA VERÐ UM LAND ALLT**

**200kr** afsláttur

**Fulleldað**
Aðeins að hita




**679 kr./800 g**

**Bónus Buffaló Leggir**
Fulleldaðir, 800 g, 2 teg. - Verð áður 879 kr.




**Fulleldað**
Aðeins að hita

**Bónus Súpur**
1-1,2 kg, 5 tegundir

**1.598 kr./stk.**

BÓNUS

**EKKERT BRUÐL**

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **17. nóvember** eða meðan birgðir endast.



„Sveinn var alla tíð áhugasamur um íslenskan listiðnað og vildi kynna hann sem best. Hann kom öðrum í félaginu Listiðn á sýningar erlendis,“ segir Arndís. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sveinn skapaði stemningu með hönnun sinni

**Það skal vanda sem lengi á að standa – er undirtitill sýningar á innanhússhönnun og húsgögnum Sveins Kjarvals (1919-1981) sem uppsett er í Hönnunarsafni Íslands á Garðatorgi. Þau orð eiga vel við verk hans.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Sveinn Kjarval er maður sem yngri kynslóðir þekkja varla en hann hafði mjög mikið að segja sem hönnuður eftir að módernismi í byggingarlist og húsgögnum verður allsráðandi. Hann kom með þennan nýja, létta stíl sem enn höfðar til samtímans,“ segir sýningarstjórinn Arndís S. Árnadóttir, þar sem við hittumst í Hönnunarsafni Íslands. Við fylgjumst fyrst um stund með gömlu viðtali sem Eiður Guðnason, þáverandi fréttamaður Sjónvarpsins, tók við Svein á hundasýningu í Laugardalnum. „Það er svolítið gaman að heyra Svein lýsa hundunum nánast eins og hönnunargripum,“ bendir hún á brosandi.

**Verslunarinnréttingar horfnar**

Arndís segir Svein hafa fyrst og fremst hannað innréttingar og húsgögn, enda hafi hann verið húsgagnasmiður í grunninn. „Hann notaði íslensk efni eftir því sem hann gat, til dæmis kálfsskinn og steina en viðurinn var innfluttur, enda Ísland trjálaust þá. En íslensk áklæði voru mikið að koma fram á þessum tíma, frá Gefjun, Álafossi og fleiri vefstofum. Íslensk gólfteppi voru ofin hér líka og eins gluggatjöld. Svo var hann alltaf með vandaða lýsingu í öllum sínum innréttingum, falin ljós eða lét þau hanga stutt frá afgreiðsluborðum í verslunum og á börum. Verslunarinnréttingarnar hans eru allar horfnar, það finnst ekki eitt stakt afgreiðsluborð en það hafa varðveist góðar myndir og teikningar af þeim,“ segir hún og vekur athygli á sviðsetningu af Austurbar í Austurbæjarbíói. „Sveinn skapaði stemningu með hönnun sinni. Frægasta innréttingarverk hans var Naustið sem minnti á skip, það fékk að lifa í 50 ár.“



**Á sýningu í París 1958 voru einu húsgögnin frá Íslandi þessi stóll og stálgrindastóll Sindra sem fór í töluverða framleiðslu í kjölfarið, hvort tveggja eftir Svein.**



**Nýrnalagað, nútímalegt borð.**



**Nettur raðsófi sem hægt er að setja saman á ýmsa vegu. Sveinn hugaði vel að lögun líkamans við hönnun sæta og sófabókin bera vott um það.**



**Ruggustóllinn með kálfsskinninu varð vinsæll á íslenskum heimilum.**

**Stólar í veiðikofastíl**

Sveinn hélt erindi um húsgögn og skrifaði um þau, að sögn Arndísar. „Í tímaritinu Melkorku bendir hann fólki á það um 1950 að borðstofuborð þurfi ekki endilega að vera í miðri borðstofu, heldur geti verið hluti af dagstofu eða setustofu eins og nú er tíska. Svo kenndi hann smíðakennurum og þeir fengu að nota teikningar hans svo áhrif hans voru mikil.“

Sveinn teiknaði eftir pöntunum fyrir á annað hundrað heimili. „Sum hafa fengið að standa óbreytt, eitt slíkt fannst á þessu ári, þar voru tveir gripir sem ekki höfðu sést áður,“ segir Arndís og bendir á tvo stóla. „Þessir eru úr stofunni, hún átti að vera í veiðikofastíl. Við vonum að sýningin opni augu fólks fyrir hönnun Sveins ef hún er í kringum það.“

**HANN NOTAÐI ÍSLENSK EFNI EFTIR ÞVÍ SEM HANN GAT, TIL DÆMIS KÁLFSSKINN OG STEINA EN VIÐURINN VAR INNFLUTTUR, ENDA ÍSLAND TRJÁLAUST ÞÁ.**


Freyja Hlíðkvist heldur hádegiserindi í Þjóðminjasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

### 12. NÓVEMBER 2019

**Hvað?** Innflytjendakonur og ofbeldi
**Hvenær?** 8.20-10.00
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar, Brynjólfsgötu 1
Opinn fundur ofbeldisvarnanefndar og fjölmenningarráðs Reykjavíkurborgar, ASÍ, W.O.M.E.N., Kvenréttindafélagsins og Kvennaathvarfsins.

**Hvað?** Hvað gekk manninum til?
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir, sérfræðingur í munasafni, flytur erindi um gripasöfnun Pikes Ward á Íslandi. Allir velkomnir.

**Hvað?** Erlendar fréttir á Íslandi – nauðsyn eða munaður
**Hvenær?** 16.30.
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Pallborðsumræður: Guðrún Hálfdánardóttir, Ólöf Ragnarsdóttir og Þórir Guðmundsson taka þátt. Valgerður Jóhannsdóttir stjórnar.

**Hvað?** Úti regnið grætur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi 8
Kynning á nýrri bók Sveins Einarssonar um Jóhann Sigurjónsson skáld sem lést fyrir 100 árum, aðeins 39 ára.

**Hvað?** Jazz, jazz
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn
Gítarleikarinn Milez Okazaki er rísandi stjarna í djassheiminum, hann lætur djassinn hljóma.

**Hvað?** Kvartett Ólafs Jónssonar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 28
Auk Ólafs skipa hljómsveitina: Agnar Már Magnússon, Þorgrímur Jónsson og Erik Qvick. Þeir leika sígræna djassstandarda, ásamt einstaka frumsömdu lagi.

# Jöklastelpan Steinunn Sigurðar heimsækir Höfn

**Málþing verður haldið á Höfn í Hornafirði næsta föstudag um hina nýju bók Steinunnar Sigurðardóttur, Dimmumót**

Steinunn Sigurðardóttir, rithöfundur og skáld, ætlar í heimsókn til Hafnar næsta föstudag, 15. nóvember. Hún hefur í farteskinu jöklabálkinn Dimmumót sem hún gaf út nýlega, um leið og hún fagnaði fimmtíu ára rithöfundarafmæli. Í bókinni er jökullinn hennar, Vatnajökull, í forgrunni og hún fjallar þar um hann í fortíð, nútíð og framtíð.

Rannsóknarsetur Háskóla Íslands mun halda málþing um bókina Dimmumót þennan dag, milli klukkan 16 og 18. Það verður í Nýheimum og samkvæmt fréttatilkynningu eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Þar mun Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur fjalla um jöklaskáldskap Steinunnar undir yfirskriftinni: Forni ljóminn – bláljósahvelið. Eiginmaður hennar, Þorvarður Árnason, umhverfis- og náttúrufræðingur, talar um listina að mynda jökla og verður með myndasýningu og Steinunn sjálf mun flytja erindi sem hún nefnir Vatna-Jökull á dimmumótum - og lesa upp úr nýju bókinni.

Eftir erindin verður boðið upp á kaffi og Steinunn áritar bækur.

Náttúra Íslands hefur lengi verið veigamikill þáttur í ritmennsku Steinunnar og hún hefur látið náttúruvernd og loftslagsmál til sín taka á ýmsum vettvangi. Dimmumót, er bálkur um hörfandi Vatnajökul, veröld sem var og verður. Þess má geta að Steinunn á heiðurinn af nýyrðinu hamfarahlýnun, sem nú hefur fest sig í sessi.


Steinunn hefur búið í Stokkhólmi, Dublin, Frakklandi, Berlín og nú í Strassborg, en Vatnajökull stendur hjarta hennar nærri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

gun@frettabladid.is





Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is

# Stærsta efnisveita með íslenskt sjónvarpsefni

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar, barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.

Verð aðeins
**3.990 kr./mán.**




MARAÞON

Tryggðu þér áskrift
**stod2.is | 1817**




# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2018-2019 Reykjanesbær - Hálendi Íslands**
**14.20 Tónstofan Franz Mixa**
**14.40 Gómsæta Ísland** Matreiðsluþáttaröð í umsjón Völundar Snæs Völundarsonar. Í þáttunum er farið landshorna á milli og heilsað upp á fólk sem sinnir ræktun, bústörfum eða hverju því sem viðkemur mat. Dagskrárgerð: Gunnar Konráðsson. e.
**15.10 Stiklur**
**15.55 Viðtalið Dr. Jón Þ. Þór** Bogi Ágústsson ræðir við dr. Jón Þ. Þór um samband Danmerkur og Íslands þegar Kaupmannahöfn var höfuðborg Íslands. Fyrir jólin kom út tveggja binda rit, sem Jón og Guðjón Friðriksson rituðu: „Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands“.
**16.20 Menningin - samantekt**
**16.50 Íslendingar Sigurður Sigurðsson** Sigurður Sigurðsson var fyrsti íþróttafréttamaður Sjónvarpsins en hann starfaði við Ríkisútvarpið í 37 ár. Fyrir daga Sjónvarpsins var hann þjóðkunnur fyrir lýsingar sínar frá íþróttaviðburðum í Útvarpinu. Í þættinum sem er byggður á dagskrárefni úr safni Sjónvarpsins er meðal annars lýsing hans á leik Vals og Benfica á Laugardalsvelli 1968 og viðtal við Ásgeir Ásgeirsson, forseta Íslands, í gömlu Sundlaugunum í Reykjavík. Umsjón og dagskrárgerð: Andrés Indriðason.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Rosalegar risaeðlur**
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin** Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.05 Kveikur**
**21.05 Ungar**
**21.30 Donna blinda**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Á hælum morðingja** Breskir spennuþættir í sex hlutum frá BBC um rannsóknarlögreglumennina Gabriel Markham og Elaine Shepard sem eltast við raðmorðingja. Sagan er sögð aftur á bak. Aðalhlutverk: Richard Dormer, Jodi Balfour og Paterson Joseph. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.20 Rívíeran**
**00.05 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 BMW Ladies Championship** Útsending frá BMW Ladies Championship á LPGA mótaröðinni.
**13.20 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**14.10 Houston Open** Útsending frá Houston Open á PGA mótaröðinni.
**17.15 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**18.10 Golfing World**
**19.00 Turkish Airlines Open** Útsending frá Turkish Airlines Open á Evrópumótaröðinni.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Life in Pieces**
**14.15 Survivor**
**15.00 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 The Mick**
**19.45 The Neighborhood**
**20.10 Jane the Virgin**
**21.00 FBI**
**21.50 Grand Hotel**
**22.35 Baskets**
**23.00 White Famous**
**23.35 The Late Late Show**
**00.20 NCIS**
**01.05 New Amsterdam**
**01.50 Stumptown**
**02.35 Beyond**
**03.20 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hljómboxið**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Að breyta fjalli**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.00 Apple of My Eye**
**13.25 Gold**
**15.25 Middle School. The Worst Years of My Life**
**17.00 Apple of My Eye**
**18.25 Gold**
**20.25 Middle School. The Worst Years of My Life**
**22.00 The Face of an Angel**
**23.45 Miss Sloane**
**01.55 White Boy Rick**
**03.45 The Face of an Angel**

### STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.20 Grey's Anatomy**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 First Dates**
**10.10 Masterchef USA**
**10.50 NCIS**
**11.35 Sendiráð Íslands**
**12.00 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance**
**14.25 So You Think You Can Dance**
**16.00 Nettir Kettir**
**16.50 Hversdagsreglur**
**17.15 Seinfeld**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.47 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 The Goldbergs**
**19.35 Modern Family**
**20.00 His Dark Materials**
**21.05 Blinded**
**21.50 All Rise**
**22.35 Last Week Tonight with John Oliver**
**23.05 Grey's Anatomy**
**23.50 Mrs. Fletcher**
**00.25 Orange is the New Black**
**01.20 Gåsmamman**
**02.05 Gåsmamman**
**02.50 Gåsmamman**
**03.35 NCIS**
**04.20 NCIS**

### STÖÐ 3

**19.10 The Middle**
**19.35 The Last Man on Earth**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Making Child Prodigies**
**21.20 Flash**
**22.05 Veep**
**22.35 Pretty Little Liars: The Perfectionists**
**23.20 Roswell, New Mexico**
**00.05 The Middle**
**00.30 The Last Man on Earth**
**00.55 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.35 KR - Haukar** Útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.
**09.15 Nottingham Forest - Derby** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**10.55 Football League Show**
**11.25 Spænsku mörkin** Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**11.55 Inter - Hellas Verona** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**13.35 Ítölsku mörkin** Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**14.05 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**14.30 Grindavík - Stjarnan** Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**16.10 Domino's körfuboltakvöld karla**
**18.00 Haukar - Selfoss** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**19.30 Seinni bylgjan** Markaþáttur Olís-deildarinnar.
**21.00 Fréttaþáttur Undankeppni EM 2020**
**21.25 UFC Fight Night. Zabit vs Kattar** Útsending frá UFC Fight Night þar sem Zabit Magomedsharipov og Calvin Kattar mætast í aðalbardaga kvöldsins.
**00.05 UFC Now 2019** Flottir þættir þar sem farið er ítarlega í allt sem við kemur UFC og blönduðum bardagalistum.

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




## Líttu vel út hvert sem þú ferð.

Nýr og endurhannaður Tucson uppfyllir kröfur nútímafólks með glæsilegu útliti, nýjustu akstursöryggistækni og uppfærðum aflrásum. Í honum sameinast sveigjanleiki jeppans og einkennandi útlit Tucson sem fær enn sterkari svip í nýju hönnuninni. Nýr Tucson er hannaður til að láta þig líta vel út hvert sem þú ferð.

**Hyundai Tucson – 4wd, dísil, sjálfskiptur. Verð frá 5.090.000 kr.**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ



Bjarney og José búa eins og er í 70 fermetra íbúð á Krít og taka stækkandi hundarnir sífellt meira pláss.



Það er svo sannarlega líf og fjör með fimm hressa hvolpa á heimilinu.




Bjarney og José eru bæði hönnuðir og vinna nú að myndskreyttri bók um hvolpana fimm og ferlið í kringum björgun þeirra.



Þau Kala, Kissi, Funi, Chania og Balos voru nefnd eftir fallegum stöðum á Krít þar sem Nuki og Eyad, parið sem fann þau, hafði ferðast.

# Vill flytja hina frábæru fimm heim

Listamannaleyfið sem **Bjarney Hinriksdóttir** tók sér í vor á Krít hefur heldur betur undið upp á sig en fimm yfirgefnir Labrador/Collie hvolpar fönguðu hjarta hennar og hún ætlar ekki heim án þeirra.

Bjarney Hinriksdóttir er grafískur hönnuður auk þess að reka jógastúdíó í miðbæ Reykjavíkur. Hún er að eigin sögn mikill dýravinur með ríka ævintýraþrá. Þetta tvennt leiddi hana til dvalar á Krít síðastliðið vor. „Mig langaði að einbeita mér að hönnuninni og bæta við mig þekkingu. Svo ég bjó mér til mitt eigið listamannaleyfi, fann hús á Krít og dreif mig út. Þegar ég kom út fór ég strax í það að læra grísku, sem ég mæli með ef fólk er að leita að meiriháttar heilaörvun," segir Baddý og hlær.

Bjarney ættleiddi kött frá Kattholti í fyrra og segist í framhaldi hafa farið þangað stöku sinnum sem sjálfboðaliði. „Mig langaði að halda áfram að vinna með dýrum á Krít og ég vissi að þörfin var mikil. Ég kom mér því í samband við lítil sjálfboðaliðasamtök sem vinna sleitulaust við að hjálpa dýrum sem oft eru mjög illa leikin af mannavöldum, yfirgefin af eigendum eða lifa á götunni og eru skilin eftir afskiptalaus."

**DÝRAVELFERÐ HÉR ER KOMIN AFAR STUTT, ÞAÐ ER VEL ÞEKKT AÐ EITRAÐ SÉ FYRIR HUNDUM OG KÖTTUM TIL AÐ FÆKKA ÞEIM, ÞÓ ERU ÞEIR ALMENNT Á MÓTI ÞVÍ AÐ GELDA DÝRIN.**

### Hugsaði sig ekki tvisvar um

Bjarney hafði aðeins verið á Krít í viku þegar símtal barst samtökunum frá pari sem hafði fundið fimm litla hvolpa yfirgefna við hraðbraut. „Þau höfðu tekið þá inn á hótelið en þurftu nú að fara heim og voru að leita ráða. Það eru engin opinber dýraathvörf á Krít og það hefur komið í hlut sjálfboðaliða og oft ferðamanna að hjálpa þessum dýrum. Þegar símtalið kom hugsaði ég mig ekki tvisvar um, enda var ég með aukaherbergi og stórar svalir, og hversu erfitt gæti það verið að sjá um fimm litla hvolpa?

Bjarney komst fljótt að því að það væri allt annað að annast hunda en ketti eins og hún var orðin vön. Það þurfti að ormahreinsa hvolpana, kaupa rétt fæði og vítamín og koma þeim á réttan kjöl með því að veita þeim öryggi og hlýju. „Ég lá yfir hundamyndböndum á YouTube og las greinar til að læra hratt hvernig best væri að ala upp hunda." Listamannaleyfi Bjarneyjar hafði breyst í að vera hundamamma í fullu starfi og vann hún á meðan hvolparnir sváfu. „Ég hafði nægan tíma til að einbeita mér að hönnuninni fyrstu tvo mánuðina þar sem litlir hvolpar sofa mikið. Ég gerði þó lítið annað og hélt mig heima við því ég vildi ekki skilja þá eftir eina heima lengi í senn."

### Dýravelferð ábótavant á Krít

Sambýlismaður Bjarneyjar, José Vásquez, kom út til Bjarneyjar í ágúst og segir hún það hafa breytt miklu að vera tvö í umönnuninni. „Við skiptum með okkur hundavöktum og unnum að okkar verkefnum. Við ákváðum þá að gera okkar allra besta við að koma hinum frábæru fimm, en hópurinn hefur gengið undir því nafni, heim til Íslands á góð heimili. Það var aldrei í boði í mínum huga að finna heimili fyrir þau á Krít. Dýravelferð hér er komin afar stutt, það er vel þekkt að eitrað sé fyrir hundum og köttum til að fækka þeim, þó eru þeir almennt á móti því að gelda dýrin. Það er erfitt að finna fólk sem vill taka að sér dýr og víða sjást hundar hlekkjaðir í stuttri keðju allan liðlangan daginn í steikjandi hita," segir Bjarney.

„Að vera með fimm hunda á heimili er sannarlega fimmföld skilyrðislaus ást. Mér hefur oft verið hugsað til mæðra, vinkvenna minna, sem eiga mörg börn, þegar ég hef verið að telja hundana til að passa upp á að þeir séu nú allir á staðnum og svo finna netta panikktilfinningu þegar einn vantar – hefur falið sig undir sófa eða er sofandi einhvers staðar. Þeir hafa alveg séð um að halda okkur á tánum með því að flækja sig í rafmagnssnúrum, næla í heilt súkkulaðistykki eða togna á fæti. Það hefur verið krefjandi verk að halda aga þegar þeir eru allir fimm saman, þar sem hundar herma eftir öðrum hundum. Einir sér eru þeir þó algerir englar og fara eftir fyrirmælum og læra hratt."

### Safna fyrir flutningnum á Karolina Fund

Þau Bjarney og José reka saman hönnunarfyrirtækið Brightsite sem sérhæfir sig í vef- og stafrænni hönnun en þessa stundina eru hugir þeirra og hjörtu upptekin af því markmiði að flytja hina frábæru fimm heim til Íslands í desember. „Eins og margir vita er ferlið við að ferðast með dýr til Íslands mjög kostnaðarsamt og flókið en samtals er allur kostnaðurinn við að flytja einn hund til Íslands rétt tæp hálf milljón."

Þau brugðu á það ráð að safna fyrir flutningnum á Karolina Fund. „Þar sem við störfum bæði við skapandi greinar hefur þessi reynsla verið mikill kreatífur innblástur og við vinnum nú að myndskreyttri bók sem byggð er á sögum hundanna. Þetta verður bók um lífið, kærleika, hugrekki og vináttu þar sem við grömsum í verkfærakassa okkar beggja og styðjumst við okkar eigin þekkingu úr núvitund, jóga, heimspeki og skóla lífsins."

Á Karolina Fund getur fólk lagt til fjárhæð að eigin vali og fengið eitt og annað í staðinn. Þar er m.a. annars í boði myndskreytta bókin, kort í jóga, grafísk hönnun og vefsíðugerð og svo gefa frábærir listamenn vinnuna sína. Söfnunin gengur vel og við erum gífurlega þakklát öllu því góðhjartaða fólki sem hefur stutt okkur með fjárframlögum og er öll hjálp innilega vel þegin þar sem margt smátt gerir eitt stórt."

bjork@frettabladid.is



Lífið
STÓRSKEMMTILEGT
drullumall
FYRIR BÖRN FRÁ 3 ÁRA OG UPPÚR!
SÝNINGIN SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR
UM HEIMINN SNÝR AFTUR Í TJARNARBÍÓ!
SUN. | 17. NÓV | KL. 13:00
SUN. | 24. NÓV | KL. 13:00
– S.J. FRÉTTABLAÐIÐ
– DV
„ÞAÐ ER ALLT FALLEGT VIÐ ÞESSA SÝNINGU. ALLAR STJÖRNURNAR Í HÚSINU!“
– G.S.E. DJÖFLAEYJAN
„LÍFIÐ ER YNDISLEG SÝNING!“
– S.B.H. MORGUNBLAÐIÐ
BARNASÝNING ÁRSINS 2015!
Í UPPSETNINGU LEIKHÚSSINS 10 FINGUR SEM SLÓ Í GEGN MEÐ LEIKRITIÐ SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN
LEIKARAR: SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR & SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON
LISTRÆNIR STJÓRNENDUR: CHARLOTTE BØVING & HELGA ARNALDS
MIÐASALA Á TIX.IS OG Í TJARNARBÍÓ
10 FINGUR LEIKHÚS
TJARNARBÍÓ

Annað tölublað bókmenntatímaritsins Skandala kemur út í dag. Hægt er að festa kaup á því og heyra nokkra af höfundunum lesa verk sín á Borgabókarsafninu í dag.



Þau Ægir Þór Jähnke og Aldís Dagmar Erlingsdóttir Svarkur standa að útgáfu bókmenntatímaritsins Skandala. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hjálpa ungu fólki að koma sköpun á framfæri

Í dag klukkan fimm verður haldið útgáfuhóf í tilefni þess að annað tölublað bókmenntatímaritsins Skandala kemur út.

**Hugmyndin kviknaði yfir bjór**

„Eins og svo margt þá byrjaði þetta sem einhver fáránleg hugmynd yfir bjór. Okkur datt í hug að gefa út okkar eigið bókmenntatímarit. Eitt leiddi af öðru og ég fór að setja saman einhverjar tölur. Ég var sjálfur nýbúinn að gefa út bók. Við Aldís Dagmar höfum unnið öðru hvoru saman síðan við kynntumst í Fríyrkjunni árið 2014. Ég vissi að hún hafði reynslu í að halda alls konar viðburði en líka í því að brjóta um bækur. Þannig að ég hef samband við hana og við komumst að því að með góðum vilja, heppni og smá fórnfýsi, þá sé þetta hægt," segir Ægir Þór Jähnke.

Ægir og Aldís þekkja mörg íslensk ungskáld og listafólk, en Ægir segir það algengt að fólk sem er að stíga sín fyrstu skref í listinni upplifi ákveðið hark. Þetta hafi því verið þeirra leið til að leiða fólk saman í listinni.

„Það eru allir svolítið að gera sitt í sínu horni þó á því séu undantekningar, auðvitað. Okkur fannst vanta miðil til að sameina þessa einstaklinga. Við vildum skapa öðruvísi menningartímarit, eitthvað sem er aðeins minna formlegt en til dæmis tímarit Máls og menningar. Okkur langaði að gera eitthvað aðeins opnara og tilraunakenndara. Blaðinu er samt að sjálfsögðu ritstýrt og við veljum í það en erum tilbúnari að fara aðrar leiðir og birta öðruvísi efni."

**Vildu birta tilraunakennd verk frá virtum höfundum**

Í blaðinu er birt efni eftir unga óþekkta höfunda í bland við efni frá þekktari höfundum.

„Við vildum verk sem kæmust kannski ekki að hjá öðrum miðlum. Hugmyndin var annars vegar að skapa vettvang fyrir ungskáld til að fá efni sitt birt, en ungskáld þýðir ekki endilega að einstaklingarnir séu ungir, heldur bara að stíga sín fyrstu skref á ritvellinum. Svo vildum við líka birta tilraunakenndari verk frá virtum höfundum, eitthvað sem þeir eru kannski ekki að gefa út í þessum venjulegu miðlum."

Á meðal þeirra sem eiga ljóð í nýjasta tölublaðinu eru skáld á borð við Anton Helga Jónsson, Ásdísi Ingólfsdóttur og Hörpu Rún Kristjánsdóttur.

„Fyrir síðasta blað setti ég mig í samband við Aðalstein Ásberg, hann var að kenna mér uppi í háskóla. Ég bað hann um að skrifa smá pistil í blaðið, sem hann gerði. Í nýjasta blaðinu er Steinunn Sigurðardóttir með pistil. Þetta er smá hugsað sem svona hvatningarorð til ungra höfunda en ekki síður lesenda."

Síðasta blað kom út í júlí en upphaflega stóð til að gefa það út í maí.

„Síðan er þetta aðeins flóknara en maður gerir sér grein fyrir. Það er samt ekki lengra liðið síðan en í febrúar á þessu ári sem hugmyndin kviknaði. Svo fórum við á fullt með þetta og vorum í rauninni farin að safna efni strax í mars."




**Vilja hjálpa ungu fólki**

Ægir segir að þau langi til að halda áfram útgáfunni á meðan þau hafa fjárhagslegt bolmagn til.

„Það er alltaf stóra spurningin. Við söfnuðum fyrir fyrsta blaðinu með hópfjármögnun, nú erum við með einhverjar auglýsingar. Það voru einhverjar sölutekjur af fyrstu útgáfunni en við reynum að stilla verðinu í hóf, því við viljum að ungt fólk sem á kannski ekki mikinn pening geti keypt blaðið. Núna fengum við líka styrk frá Reykjavíkurborg. En svo er það spurning hversu mikið selst, upp á það að sjá hvort við getum haldið áfram að fjármagna þetta."

Ægir Þór segir langtímahugmyndina vera að skapa lista-kollektív í kringum blaðið.

„Draumurinn er svo að innan þess geti höfundar leitað hver til annars og unnið jafnvel saman að öðrum verkefnum. Við Aldís erum búin að þekkjast og vinna saman svolítið lengi. Þetta er okkar áhugamál, að hjálpa ungu fólki að koma sinni sköpun á framfæri. Við erum að draga fólk sem við þekkjum inn í verkefnið en líka að kynnast nýjum í gegnum það. Ég gaf út nýja ljóðabók á dögunum og þá fékk ég til dæmis einn, sem hafði sent inn myndir í fyrsta tölublaðið, til að myndskreyta þá bók. Bara sem dæmi tekið um það hvernig er hægt að mynda einhver sambönd í gegnum þetta."

Útgáfuhófið hefst klukkan 17.00 á Borgarbókarsafninu við Tryggvagötu, þar sem fólki gefst færi á að styrkja þetta gróskulega framtak ásamt því að heyra nokkra af höfundunum lesa verk sín. Vilji fólk senda inn efni í næsta tímarit er það beðið um að hafa samband á tölvupóstfangið skandali.timarit@gmail.com.

steingerdur@frettabladid.is




KFC
BOOSTER
LOKSINS MÆTTUR AFTUR
ENDALAUS ÁNÆGJA
1.299 kr.
Booster borgari með tómatsósu, sinnepi, osti og súrum gùrkum.
Booster borgari, franskar, gos, 3 Hot Wings og Conga Xtra.
1.999 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Hauks Arnar Birgissonar



# Stressvaldar

Til eru starfstéttir hér á landi sem valda stressi. Hér er vitaskuld átt við tannlækna, tollverði á Keflavíkurflugvelli og þá sem vinna við bifreiðaskoðun. Þetta er tæmandi listi. Líklegast er þetta besta fólk en ég er skítstressaður þegar ég hitti það í vinnunni.

Ég fer til tannlæknis einu sinni á ári. Ónotin byrja um leið og tíminn er bókaður. Skemmdalaus árum saman hef ég engu að kvíða en geri það samt. Á leiðinni út úr húsi þríf ég tennurnar einstaklega vel með þráðum og krypptólum sem finnast djúpt í skúffunni. Eins og það breyti einhverju úr þessu. Ég vil samt ekki valda tannlækninum vonbrigðum og ég ber ótta minn í hljóði á meðan hún leitar að Karíusi.

Að fara með bílinn í skoðun er eins og að fara í próf. Með öndina í hálsinum fylgist ég, í gegnum glerið, með manninum skoða bílinn. Ég veit alveg hvað amar að bílnum en ég vonast til að hann komi ekki auga á það. Þegar hann teygir sig eftir númeraplötulímmiðanum fæ ég hland fyrir hjartað af kvíða yfir litnum. Spennufallið hellist yfir mig þegar miðinn er kominn á og starfsmaðurinn færir sig loks frá.

Ég hef aldrei smyglað fíkniefnum til landsins og það stendur ekki til. Mér líður samt alltaf eins og glæpamanni þegar ég labba fram hjá steindauðu speglagleri tollvarðanna. Er einhver þarna á bak við og ætli þeir stoppi mig að þessu sinni? Ég reyni að ganga, hversdagslegur í fari, fram hjá rúðunni og hugsa um það eitt hvert ég á að horfa. Með ekkert að fela, stressast ég upp og fagna innra með mér þegar ég slepp í gegn.




Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**Beinn sími: 550 5625**
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

